



Ársskýrsla
Gildis
lífeyrissjóðs
2023



Ársskýrsla
Gildis
lífeyrissjóðs
2023

Ljósmyndir
Lárus Karl Ingason,
Ficus / Marinó Flóvent

Hönnun og umbrot
Brandenburg / SÍA

Prentun
Pixel prentþjónusta






Efnisyfirlit

Lykiltölur í starfsemi Gildis 2023	6
Ávarp stjórnarformanns	8
Sjóðfélagar	11
Aðildarfélög	13
Verðbréfamarkaðir	15
Innlendur verðbréfamarkaður	15
Erlendir verðbréfamarkaðir	18
Samtryggingardeild	22
Lykiltölur	23
Iðgjöld	24
Lífeyrir	24
Lán til sjóðfélaga	25
Ávöxtun	26
Fjárfestingar	29
Innlent skuldabréfasafn	33
Innlent hlutabréfasafn	36
Erlent skuldabréfasafn	39
Erlent hlutabréfasafn	39
Fjárfestingarstefna	41
Tryggingafræðileg staða	42
Örorkubyrði / örorkuframlag	44
Séreignardeild	46
Lykiltölur	47
Rétthafar / lífeyrir	48
Eignasafn og ávöxtun	48
Eignasafn séreignarleidda í árslok 2023	49
Framtíðarsýn 1	49
Framtíðarsýn 2	52
Framtíðarsýn 3	54
Starfsemi Gildis	56
Lykiltölur	57
Stjórn	58
Starfsmenn	59
Endurskoðunarnefnd	60
Nefnd um laun stjórnarmanna	60
Samþykktir og stefnur	61
UFS mat á innlendum eignum	62
Fjárfestingar í sjálfbærum og grænum orkutengdum verkefnum	63
Starfsmannamál	64
Upplýsingagjöf til sjóðfélaga	64
Fundir	64
Hækkun á lífeyrisgreiðslum	65
Jarðhræringar á Reykjanesi	65
Ársreikningur	66


Lykiltölur í starfsemi Gildis 2023

Breyting á hreinni eign á árinu 2023 (ma.kr.)



*Þar með talið 2,7 milljarða kr. örorkuframlag úr ríkissjóði

Hrein nafn- og raunávöxtun 2023



271.352

Fjöldi sem á réttindi hjá Gildi

7.940

Fjöldi launagreiðenda 2023

59.070

Fjöldi sem greiddi iðgjöld 2023

35,5%

Hlutfall erlendra eigna


65,5%

Hlutfall skráðra eigna

64,9%

Lífeyrisbyrði

Eignir Gildis í lok árs 2023



Ávarp stjórnarformanns



Björgvin Jón Bjarnason, stjórnarformaður Gildis-lífeyrissjóðs

Afkoma ársins

Ávöxtun Gildis-lífeyrissjóðs á árinu 2023 var viðunandi í ljósi þess hversu krefjandi aðstæður voru á markaði. Innlend hlutabréf skiluðu til að mynda heilt yfir neikvæðri ávöxtun þó að þau hafi rétt heldur úr kútnum undir lok ársins. Nokkur viðsnúningur varð á erlendum mörkuðum frá fyrra ári sem leiddi til þess að erlend verðbréf skiluðu jákvæðri ávöxtun.

Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar Gildis á árinu nam 6,7% sem þýddi að hrein raunávöxtun endaði í -1,2%. Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 983,2 milljörðum kr. í árslok 2023 og hækkaði um 77,7 milljarða kr. á árinu.

Hrein eign séreignardeilda sjóðsins í árslok 2023 var 8,7 milljarðar kr. og hækkaði um 932 milljónir kr. frá fyrra ári. Gildi-lífeyrissjóður er sterkur bakhjarl sjóðfélaga og greiddi samtals tæplega 31 milljarð króna í lífeyri á liðnu ári.

Helstu þættir í starfseminni

Árið 2023 einkenndist af atburðum sem kröfðust mikils tíma hjá stjórn og stjórnendum sjóðsins. Þrjú atriði risu þar hæst:

Málefni tengd Íslandsbanka komust í háamæli á sumarmánuðum. Fjölpættir misbrestir við útboð á hlutabréfum í bankanum leiddu að lokum til uppstokkunar, sem Gildi kom að sem hluthafi, á stjórn og stjórnendateymi. Einnig voru gerðar breytingar á stjórn Bankasýslu ríkisins.

Málefni Grindavíkur voru fyrirferðarmikil í íslensku þjóðlífi. Atburðirnir í Grindavík hafa auðvitað haft mest áhrif á þá sem þar búa og sér ekki enn fyrir endann á þeirri atburðarás sem hefur verið í gangi í rúmt ár. Þessi mál snertu Gildi-lífeyrissjóð sem á veð í tæplega fimmtíu húseignum í bænum vegna veittra húsnæðislána. Ásættanleg lausn fannst á málinu við stofnun Fasteignafélagsins Þórkötlum og geta vonandi bæði lántakendur og sjóðfélagar lifað sáttir við þá lausn sem þar fannst.

Málefni ÍL-sjóðs voru fyrirferðarmikil allt árið. Málið snýst í sinni einföldustu mynd um vilja Ríkissjóðs til að takmarka ríkisábyrgð á skuldabréfum Íbúðalána-sjóðs. Lögfræðialit sem lífeyrissjóðir hafa aflað sér eru öll samdóma um veikan lagalegan grundvöll slíks málatilbúnaðar. Flestir lífeyrissjóðir landsins hafa tekið höndum saman í lokatilraun til að leysa málið með samningum. Náist ekki samkomulag er einsýnt að málið mun flækjast í dómskerfinu héraendis og ef til vill erlendis næstu ár. Óhætt er að spyrja sig hvað rekur stjórnvöld til svo langsóttis málatilbúnaðar sem ef til vill gæti haft neikvæð áhrif á ásýnd Íslands gagnvart innlendum og erlendum lánveitendum.

Fjárfestingar

Eins og eðlilegt er þegar unnið er með jafnstórt eignasafn og hjá Gildi er að ýmsu að hyggja. Eitt þeirra verkefna sem stendur þó upp úr frá síðasta starfsári eru kaup lífeyrissjóða á Heimstaden ehf., en með þeim tóku lífeyrissjóðir forystu-hlutverk á íslenskum húsnæðismarkaði. Þessi kaup ættu að tryggja eigendum samkeppnishæfa ávöxtun, auk þess að bjóða leigutökum upp á mótaðila sem leggur áherslu á heillaríkt langtímasamband við leigutaka sína. Þannig náðist væntanlega að flétta saman hagsmuni sjóðanna og sjóðfélaga.

Hátt vaxtastig hafði áhrif á fjárfestingar og ávöxtun sjóðsins á árinu sem leið. Á þeim tímum er meira öryggi í skuldabréfahlið safnsins en slíku ástandi getur fylgt meiri áhætta og oft neikvæð ávöxtun hlutabréfasafna. Hagfelld þróun íslensks efnahagslífs og lækun vaxta er sjóðnum því mikið hagsmunamál. Vonir mínar standa til þess að kringumstæður skapist sem fyrst til að hægt sé að hefja lækunarferli vaxta.

Hluthafastefna

Sjóðurinn hefur lagt ríka áherslu á að tryggja fagleg vinnubrögð og góða stjórnarhætti fyrirtækja sem fjárfest er í. Miklu skiptir að sjóðurinn hafi skýra afstöðu, komi henni fram tímanlega á skýran og skilmerkilegan hátt, þannig að samstarf geti verið á milli eigenda, stjórnna og stjórnenda til að taka vandaðar ákvarðanir sem lúta að góðum stjórnarháttum og framþróun þeirra félaga sem fjárfest er í. Þetta hlutverk hefur Gildi-lífeyrissjóður rækt.

Á síðustu mánuðum hefur umræða um stjórnarhætti skráðra félaga verið líflæg. Þar hefur meðal annars verið rætt um hlutverk og skipan tilnefningarnefnda, beina kosningu formanna stjórnna o.fl. Í þessum málum á það við að heilbrigð skoðanaskipti eru forsenda framfara.

Umræða hefur átt sér stað um hlutverk lífeyrissjóða á markaði og þau sjónarmið hafa heyrst að þeir eigi að láta einkafjárfestum eftir að leiða starfsemi þeirra félaga sem fjárfest er í. Þrátt fyrir að mikilvægt sé að tryggja gott samstarf einka- og fagfjárfesta er rétt að halda því til haga að á meðan íslenskir lífeyrissjóðir eru jafn umsvifamiklir á íslenskum hlutabréfamarkaði og raunin er má vænta þess að þeir muni þurfa að gegna veigameira hlutverki en að vera eingöngu hlutlaus fjárfestir. Sú staða að stórir fagfjárfestar á markaði hafi ekki skoðun eða afskipti af rekstri er ekki holl, hvorki fyrir fyrirtækin, hag lífeyrissjóða, aðra fjárfesta eða hagaðila fyrirtækjanna.

Æskilegt væri að aukin áhersla yrði lögð á arðsemi viðkomandi félaga. Arður er afgangur viðkomandi félaga fyrir eigið fé hluthafa. Mikilvægt er að umrædd arðsemi náist með hagræðingu í rekstri og nýtingu fjármagns en ekki eingöngu með auknum álögum á viðskiptavinum umræddra félaga.

Starf stjórnar og framkvæmdastjórnar

Stjórn sjóðsins hélt alls tuttugu fundi á síðasta ári en einnig var haldinn reglubundinn tveggja daga stefnumótunarfundur að hausti.

Í lok árs hætti Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri sjóðsins störfum eftir 42 ára starf hjá sjóðnum og forverum hans. Árna eru færðar bestu þakkir fyrir starf sitt og gott samstarf við stjórn sjóðsins.

Nýr framkvæmdastjóri, Davíð Rúdólfsson, hóf störf hinn 1. janúar síðastliðinn. Davíð er öllum hnútum kunnugur hjá sjóðnum eftir að hafa starfað hjá honum síðustu 16 ár. Þessum breytingum fylgdu nokkrar breytingar á skipulagi og stjórnendateymi sjóðsins.


Ég vil þakka stjórn sjóðsins fyrir ánægjulegt samstarf á árinu sem leið. Þá vil ég flytja starfsfólki og stjórnendum sjóðsins þakkir fyrir gott samstarf og fagmannleg vinnubrögð í störfum sínum. Sjóðfélögum óska ég gæfu og gengis.

Sjóðfélagar

Í árslok 2023 voru sjóðfélagar Gildis alls 271.352 og hafði þeim fjölgað um 2,9% á milli ára. Sjóðfélagar teljast þeir sem einhvern tímann hafa greitt iðgjöld til Gildis og eiga þar með réttindi í sjóðnum. Þeir sem greiddu iðgjöld til Gildis á árinu 2023 voru alls 59.070 og hafa greiðendur aldrei verið fleiri. Er um að ræða nokkra fjölgun frá fyrra ári þegar 57.580 greiddu iðgjöld til sjóðsins.

Aldursdreifing kynja er áþekk frá fyrra ári, en af þeim sem greiddu iðgjöld til Gildis á árinu 2023 voru um 58,2% karlar og 41,8% konur. Meðalaldur sjóðfélaga sem greiddu til sjóðsins árið 2023 var um 35 ár og var tæplega helmingur þeirra 30 ára eða yngri.


Aldursdreifing sjóðfélaga sem greiddu iðgjöld á árinu 2023




Upprunaland sjóðfélaga

Þeir sem greiddu iðgjöld til Gildis á árinu 2023 voru frá 151 landi og báru alls 138 ríkisföng. Fjöldi og hlutfall sjóðfélaga af erlendum uppruna hefur aukist mikið hjá sjóðnum á undanförunum árum. Hlutfall greiðandi sjóðfélaga af erlendum uppruna í árslok 2023 nam þannig 51,1% og er þetta er í fyrsta sinn sem hlutfall þeirra fer yfir 50%. Þess ber að geta að sé horft á hlutfall sjóðfélaga sem eiga réttindi hjá sjóðnum, ekki aðeins greiðandi sjóðfélaga á árinu 2023, stendur hlutfall þeirra sem eru af erlendum uppruna í um 31% í árslok 2023.


Uppruni greiðandi sjóðfélaga (fjöldi)



Uppruni greiðandi sjóðfélaga (hlutfall)



Upprunaland sjóðfélaga



Ef upprunaland sjóðfélaga af erlendum uppruna er skoðað kemur í ljós að Pólverjar eru fjölmennastir eða um 18,3% af greiðandi sjóðfélögum, þar á eftir koma Litháar (4,8%) og Rúmenar (2,9%).

Aðildarfélög

Eftirtalin tíu stéttarfélög eiga aðild að Gildi:

- Bifreiðastjórafélagið Sleipnir
- Efling stéttarfélag
- Félag járníðnaðarmanna á Ísafirði
- Félag skipstjórnamanna
- Sjómannafélag Íslands
- Sjómannasamband Íslands
- Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur
- VM Félag vélstjóra og máltæknimanna
- Verkalýðsfélagið Hlíf
- Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Ásamt stéttarfélagunum tíu eiga Samtök atvinnulífsins aðild að Gildi.

Skipting atvinnugreina

Atvinnugreinar	Hlutfall sjóðfélaga
Rekstur gististaða og veitingarekstur	18,7%
Opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar	18,1%
Framleiðsla	10,2%
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	10,1%
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	8,9%
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	6,9%
Heild- og smásöluverslun	6,6%
Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	3,6%
Flutningar og geymsla	3,4%
Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	1,9%
Annað	11,6%
Samtals	100%

Flestir þeirra sem greiddu iðgjöld til Gildis á árinu 2023 unnu á gististöðum eða í veitingarekstri. Næstflestir störfuðu á vinnustöðum sem flokkast undir opinbera stjórnsýslu, varnarmál og almannatryggingar. Sá flokkur var fjölmennastur næstu þrjú ár á undan, m.a. vegna þess að undir hann flokkast meðal annars sjóðfélagar sem fá greiddar atvinnuleysisbætur. Hlutfall greiðandi sjóðfélaga sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur hefur lækkað töluvert undanfarin ár eftir nokkra hækkun samhliða útbreiðslu COVID-19 og er nú hlutfallið sambærilegt og mældist árið 2019.



Verðbréfamarkaðir

Innlendur verðbréfamarkaður

Verðbólga og vextir innanlands

Í kjölfar 4 prósentustiga hækkunar stýrivaxta á árinu 2022 hélt Seðlabankinn vaxtahækkunarferli sínu áfram á árinu 2023. Bankinn hækkaði stýrivexti á árinu úr 6% í 9,25%, eða um 3,25 prósentustig í fjórum skrefum. Hækkun stýrivaxta var viðbragð Seðlabankans við auknum verðbólguþrýstingi í hagkerfinu og hækkandi verðbólguvæntingum. Þannig var hækkun stýrivaxta m.a. ætlað að slá á verðbólguvæntingar á markaði. Sú varð raunin á árinu, 5 ára verðbólguálag á markaði lækkaði úr 4,6% í ársbyrjun í 3,9% í árslok og 10 ára verðbólguálag lækkaði úr 4,3% í 3,8%.

Verðbólga tók að hjaðna nokkuð á árinu en hefur þó reynst lífseig. Hún nam 7,7% í lok árs 2023 og hafði þá lækkað úr 9,6% við lok fyrra árs og úr 10,2% frá toppi í febrúar. Ársverðbólgan fór að gefa eftir á miðju ári þar sem stórir hækkunarmánuðir féllu út úr mælingunni. Á síðari helmingi ársins hreyfðist verðbólgan aðeins lítillega á þröngu bili sem mátti meðal annars rekja til kröftugs húsnæðismarkaðar.

7,7%

Verðbólga á árinu 2023

9,25%

Stýrivextir við lok árs 2023

1,4%


Raunstýrivextir við lok árs 2023

Innlendur skuldabréfamarkaður

Ávöxtunarkrafa skuldabréfa hækkaði á árinu 2023, krafa óverðtryggðra skuldabréfa hækkaði mest en krafa verðtryggðra skuldabréfa minna. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisskuldabréfa hækkaði um 2,0–3,0 prósentustig á bréfum með styttri líftíma og um 0,2–0,7 prósentustig á bréfum með lengri líftíma, en hækkunin var að mestu leyti tilkomin vegna hækkandi stýrivaxta og væntinga um háa verðbólgu enn um sinn. Hækkun ávöxtunarkröfu olli lækkun á verði óverðtryggðra ríkisskuldabréfa, sér í lagi til skemmri tíma. Þrátt fyrir kröfuhækkun á árinu varð jákvæð ávöxtun af óverðtryggðum skuldabréfum, en óverðtryggð vísitala til 5 ára hækkaði um 3,9% og sú til 10 ára um 3,7%. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra ríkisskuldabréfa hækkaði um 1,7 prósentustig á stystu bréfunum og um 0,7%–1,0% á þeim lengri. Þrátt fyrir hækkun ávöxtunarkröfu vann mikil verðbólga með ávöxtun þessara bréfa. Þannig hækkaði 5 ára verðvísitala verðtryggðra ríkisskuldabréfa um 2,0% og 10 ára vísitalan um 3,7%.


Þróun innlendra skuldabréfa á árinu 2023, mæld með verðtryggðri og óverðtryggðri vísitölu

Heimild: Nasdaq Iceland & Kodiak Excel



Uppsöfnuð ávöxtun innlendra hlutabréfa á árinu 2023 við lok hvers mánaðar miðað við heildarvísitölu hlutabréfa, OMXI GI

Heimild: Nasdaq Iceland & Kodiak Excel



Innlendur hlutabréfamarkaður


Stærstan hluta ársins 2023 voru lækkanir á innlendum hlutabréfamarkaði umfangsmeiri en víðast hvar erlendis en þó varð nokkur leiðrétting þar á undir lok árs. Ástæður lækkananna má helst rekja til hækkandi vaxtastigs og flotta fjárfesta yfir í tryggari ávöxtun, m.a. á skuldabréfamarkaði.

Á árinu 2023 lauk þriðja og síðasta skrefi innleiðingar Nasdaq Iceland markaðarins í vísitölu nýmarkaðsríkja hjá FTSE. Á árinu 2022 höfðu tvö jafnstór skref verið tekin í þessa átt, hið fyrri í september og hið síðara í desember. Ætti áfanginn að vera til þess fallinn að auka veltu og skoðanaskipti á markaðnum, svo ekki sé minnst á frekari þróun í þessa veru.

Sé horft á innlenda heildarvísitölu hlutabréfa (OMXI GI), þar sem tekið er tillit til arðgreiðslna félaga auk verðbreytinga hlutabréfa, var ávöxtun hlutabréfa á íslenska markaðinum neikvæð um 0,7% á árinu. Ef aðeins er horft á þróun hlutabréfaverðs, og arðgreiðslur ekki taldar með, var þróunin á árinu neikvæð sem nemur 3,4% (OMXI PI).

Verðþróun skráðra innlendra hlutabréfa á árinu 2023, arðsleiðrétt

Heimild: Nasdaq Iceland & Kodiak Excel



(1) Hlutabréf Amaroq Minerals voru tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland 21. september 2023 en voru áður skráð á First North. Ávöxtun er reiknuð yfir allt árið, en hún nam 19,4% frá Aðalmarkaðsskráningunni.

(2) Hlutabréf Hampiðjunnar voru tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland 9. júní 2023 en voru áður skráð á First North. Ávöxtun er reiknuð yfir allt árið, en hún nam 7,7% frá útbodsgengi B-bókar við Aðalmarkaðsskráningu.

(3) Hlutabréf Kaldalóns voru tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland 16. nóvember 2023 en voru áður skráð á First North. Ávöxtun er reiknuð yfir allt árið, en hún nam 8,8% frá Aðalmarkaðsskráningunni.

(4) Hlutabréf Ísfélagsins voru tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland 8. desember 2023. Ávöxtun er reiknuð m.v. útbodsgengi B-bókar við Aðalmarkaðsskráningu.

(5) Hlutabréf Origo voru tekin til viðskiptum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland 25. apríl 2023. Ávöxtun er reiknuð fram að afskráningardegi.

(6) Icelandic Salmon er skráð í Noregi en var tvískráð á First North þann 29. september 2023. Ávöxtun er mæld í íslenskum krónum (var -3,3% mæld í norskum krónum).

(7) Össur er skráð í Danmörku. Ávöxtun er mæld í íslenskum krónum (var -18,2% mæld í dönskum krónum).

Prjú félög færðu sig af First North markaði yfir á Aðalmarkað á árinu, Hampiðjan reið á vaðið í júní, en síðar fylgdu Amaroq Minerals í september og Kaldalón í nóvember. Auk þeirra tvískráði Icelandic Salmon bréf sín á First North í september, en félagið var skráð fyrir á sambærilegt markaðstorg fjármálagerna í Kauphöllinni í Osló (Oslo Børs). Þann 8. desember voru bréf Ísfélagsins tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland í kjölfar hlutafjárútbods félagsins. Er það eina félagið sem kom inn á markaðinn á árinu án þess að hafa verið skráð fyrir á annan hlutabréfamarkað. Það sem af er nýju ári hefur verið tilkynnt um eina nýja skráningu á markað, en Íslandshótel hyggja á Aðalmarkaðsskráningu á næstu mánuðum.

Velta markaðarins var dræm framan af ári en náði sér á strik undir lok árs, þó markaðurinn hafi sjaldan verið jafn líflægur hvað nýskráningar varðar og markaðsvirði í heild aukist stórum. Nam velta í viðskiptum með hlutabréf félaga á íslenska markaðinum 779 mö.kr. samanborið við 1.035 ma.kr. árið áður. Samsvarar það um 25% samdrætti milli ára. Veltuhæstu félögin voru Marel og Arion, sem hvort um sig skiptu um hendur fyrir um og yfir 100 ma.kr. á árinu.

Leiðrétt fyrir arði gáfu hlutabréf Amaroq Minerals hæsta ávöxtun innlendra félaga á árinu 2023, eða 52,9%. Er þar tekið tillit til verðmyndunar félagsins á First North fram að Aðalmarkaðsskráningunni í september. Næst á eftir kom Ölgerðin sem hækkadi um 45,9%. Sýn lækkaði um 20,6% á árinu, mest félaga á Aðalmarkaði. Össur, sem nú er einungis skráð í Kaupmannahöfn, lækkaði í verði um 18,9%.

Erlendir verðbréfamarkaðir

Ýmsir þættir hafa áhrif á ávöxtun sjóðsins á erlendum verðbréfamörkuðum. Gengisþróun íslensku krónunnar getur haft þar mikið að segja, til hækkunar eða lækkunar.

Gengisþróun íslensku krónunnar

Gengisvísitala íslensku krónunnar lækkaði um 1,5% á árinu 2023 sem jafngildir styrkingu krónunnar sem því nemur. Krónan styrktist á fyrri helmingi ársins en í lok ágúst varð viðsnúningur og veiking tók við sem stóð yfir fram í nóvember þegar stöðugleiki tók við. Á árinu 2023 styrktist gengi breska pundsins gangvart íslensku krónunni um 1,4%, bandaríkjadalur veiktist um 4,1% og evran veiktist um 0,7%.

Verðbreytingar erlendra gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni á árinu 2023

-4,1%

Bandaríkjadalur

-0,7%

Evra

+1,4%

Breskt pund

Erlendir skuldabréfamarkaðir


Ávöxtunarkrafa á erlendum skuldabréfamarkaði sveiflaðist töluvert á árinu 2023. Ávöxtunarkrafa á 10 ára bandarísk ríkisskuldabréf byrjaði og endaði árið í sama gildi (3,9%) en hreyfðist mikið innan ársins. Óvissa um lendingu bandaríska hagkerfisins litaði hreyfingar á árinu og verðbólgu- og atvinnuleysistödlur höfðu mikið að segja um mánaðarlegar sveiflur. Framan af ári hækkaði ávöxtunarkrafa á bandaríska markaðnum vegna þrálátrar verðbólgu og styrkleikamerkja á vinnu-markaði en væntingar um lækkun vaxta komu fram í lok árs.

Á flestum mörkuðum var vöxtur umfram væntingar og atvinnuleysi mældist minna en það gerði fyrir heimsfaraldur. Veruleg lækkun verðbólgu í Bandaríkjunum benti til aukinnar bjartsýni. Fyrri helmingur ársins einkenndist af óstöðugleika, sem náði hámarki við fall Credit Suisse í mars og vanskilum smærri bandarískra banka. Jók þetta á ötta við víðtækari fjármögnunarvanda en bandaríski seðla-bankinn taldi að ástandið ógnaði ekki fjármálastöðugleika. Skjót inngríp seðla-banka og viðbrögð hlutafjáreigenda til að koma á stöðugleika á mörkuðum réttu stöðuna af.

Eftir því sem leið á árið færðist athygli markaðsaðila á stefnu seðlabanka heimsins. Auknar áhyggjur af versnandi ríkisfjármálum og pólitísku álagi urðu til þess að matsfyrirtækið Fitch Ratings lækkaði láns hæfiseinkunn bandaríska ríkisins í ágúst úr AAA í AA+. Sterkar tölur af bandarískum vinnumarkaði og vaxandi átök milli Hamas og Ísraels leiddu til áframhaldandi hækkunar á ávöxtunarkröfu bandarískra ríkisskuldabréfa og fór 10 ára krafan yfir 5% í október í fyrsta sinn síðan 2007. Undir lok árs lækkaði verðbólga í Bandaríkjunum skarpt og mjúkri tónn bandaríska seðlabankans og trú fjárfesta á mjúkri lendingu hagskerfisins sneru ávöxtunarkröfum snögglega aftur til lækkunar. Ársbreyting heimsvísitölu skuldabréfa var jákvæð um 5,7% mæld í bandaríkjadal en 1,4% mæld í íslenskum krónum.

Próun heimsvísitölu skuldabréfa (Bloomberg Global Aggregated Bond Index) á árinu 2023, mæld í bandaríkjadal og íslenskri krónu

Heimild: Bloomberg og Seðlabanki Íslands




Erlendir hlutabréfamarkaðir

Heimsvísitala hlutabréfa, sem samanstendur af hlutabréfum skráðum á helstu verðbréfamörkuðum heims, hækkaði um 23,8% yfir árið 2023 mælt í bandaríkjadal. Að teknu tilliti til styrkingar íslensku krónunnar nam hækkunin á heimsvísitölunni 18,7%, mæld í íslenskum krónum. Hækkunina má helst rekja til sjö stærstu fyrirtækjanna á bandaríska hlutabréfamarkaðnum sem hækkuðu um 102% að meðaltali yfir árið en þeirra framlag í heildarávöxtun vísitölunnar nam 15,9 prósentustigum af samtals 23,8% hækkun.

Þróun heimsvísitölu hlutabréfa (MSCI World Index) á árinu 2023, mæld í bandaríkjadal og íslenskri krónu

Heimild: Bloomberg og Seðlabanki Íslands



Bandaríska S&P 500 hlutabréfavísitalan, sem sýnir almenna þróun markaðarins í Bandaríkjunum, hækkaði um 26,3 % á árinu 2023 mælt í bandaríkjadal, en hækkun hennar nam 21,1% mælt í íslenskum krónum. Gengi hlutabréfa í Evrópu hækkaði um 15,8% á árinu mælt í evrum en um 15,1% mælt í íslenskri krónu. Hlutabréfavísitalan MSCI Emerging Market, sem endurspeglar gengi hlutabréfa á nýmörkuðum, hækkaði um 9,8% á árinu mælt í bandaríkjadal eða sem nemur 5,3% mælt í íslenskum krónum.

Ársbreyting helstu erlendra hlutabréfavísitalna á árinu 2023, mæld í heimamýnt

23,8% í USD

Heimsvísitala MSCI World

26,3% í USD

Bandaríkin (S&P500)

9,8% í USD

Nýmarkaðir (MSCI EM)

15,8% í EUR

Evrópa (MSCI Europe)






Samtryggingardeild

Lykiltölur 2023


Breyting á hreinni eign samtryggingardeildar á árinu 2023 (ma.kr.)




*Par með talið 2,7 milljarða kr. örorkuframlag úr ríkissjóði

20,3 Greiddur ellilífeyrir (ma.kr.)	8,2 Greiddur örorkulífeyrir (ma.kr.)	1,7 Greiddur barna- og makalífeyrir (ma.kr.)
18.815 Fjöldi ellilífeyrisþega	6.873 Fjöldi örorkulífeyrisþega	3.092 Fjöldi barna- og makalífeyrisþega


Ávöxtun



Tryggingafræðileg staða



Raunávöxtun samtryggingardeildar




Iðgjöld

Alls greiddu 7.940 launagreiðendur iðgjöld til Gildis fyrir 59.070 sjóðfélaga á árinu 2023. Launagreiðendum fjölgaði um 5,4% á milli ára og er þetta annað árið í röð þar sem þeim fjölgar milli ára.

Heildariðgjöld til samtryggingardeildar á árinu 2023 námu 44,3 mö.kr. en við það bætist árlegt örorkuframlag úr ríkissjóði sem nam tæplega 2,7 mö.kr.

Iðgjöld samtryggingardeildar á verðlagi ársins 2023 (í milljörðum króna)



Sjóðfélagar fá sent yfirlit frá sjóðnum tvisvar á ári þar sem fram koma sundurliðuð framlög sjóðfélaga og launagreiðenda til Gildis. Þannig geta sjóðfélagar fylgst með þróun réttinda sinna og gengið úr skugga um að greiðslur skili sér frá launagreiðanda. Eftir lagabreytingu sem tók gildi um áramótin 2022/2023 voru þessar upplýsingar ekki sendar í bréfpósti á árinu 2023 eins og gert hefur verið síðustu áratugi og skylt hefur verið samkvæmt lögum þar til nú. Þess í stað eru upplýsingarnar nú gerðar aðgengilegar á sjóðfélagavef og auglýsingar um birtinguna lesnar í útvarpi og birtar á helstu vefmiðlum.


Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar námu alls 30.199 milljónum króna árið 2023 og hækkuðu um 28,4% á milli ára. Lífeyrir sem hlutfall af meðalstöðu hreinnar eignar var 3,2% á árinu 2023 samanborið við 2,6% á árinu 2022.

Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar (í milljónum króna)

	2023	2022	Breyting milli ára
Ellilífeyrir	20.305	15.497	31,0%
Örorkulífeyrir	8.235	6.666	23,5%
Makalífeyrir	1.465	1.173	24,9%
Barnalífeyrir	194	181	7,2%
Samtals	30.199	23.518	28,4%

Lífeyrir samtals á verðlagi ársins 2023 (í milljörðum króna)



Fjöldi lífeyrisþega eftir tegund lífeyris

	2023	2022	Breyting milli ára
Ellilífeyrisþegar	18.815	17.495	7,5%
Örorkulífeyrisþegar	6.873	6.736	2,0%
Makalífeyrisþegar	2.048	2.019	1,4%
Barnalífeyrisþegar	1.044	1.055	-1,0%
Samtals	28.780	27.305	5,4%


Lán til sjóðfélaga

Á árinu 2023 veitti Gildi alls 1.451 nýtt lán til sjóðfélaga, samtals að fjárhæð 37.885 milljónir króna en árið 2022 voru lánin alls 974 talsins að fjárhæð 22.564 milljóna króna. Lánveitingar jukust þannig um 15.319 milljónir króna eða 67,9% milli ára og fjölgaði um 477 eða 49% milli ára.


Uppgreiðslur sjóðfélagalána námu alls 16.883 milljónum króna á árinu 2023. Samtals námu nýjar lántökur umfram uppgreiðslur því rúmlega 21 milljarði króna á árinu.

Útistandandi sjóðfélagalán voru 4.920 talsins í lok árs 2023, samtals að fjárhæð 94,2 milljarðar króna.

Fjöldi veittra sjóðfélalána



Heildarfjárhæð veittra sjóðfélalána (í milljörðum króna)




Lánareglur Gildis eru sveigjanlegar og bjóða upp á ýmsa möguleika fyrir sjóðfélaga. Allir sem eiga réttindi hjá Gildi, hvort sem um er að ræða í samtryggingardeild eða séreignardeild, geta sótt um lán hjá sjóðnum. Sjóðfélagar geta valið um verðtryggt lán með föstum eða breytilegum vöxtum eða óverðtryggt lán með breytilegum vöxtum. Hámarkslán nemur kr. 75.000.000 og lánað er til allt að 40 ára. Lánunum er skipt í grunnlán og viðbótarlán eftir veðsetningarhlutfalli. Grunnlán miðar við veðsetningu upp að 60% af virði viðkomandi eignar og viðbótarlán er sá hluti lánsins sem er á bilinu 60% til 70% af virði eignar.

Ávöxtun


Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar Gildis á árinu 2023 nam 6,7% en var neikvæð um 2,2% árið 2022. Hrein raunávöxtun var neikvæð um 1,2% samanborið við neikvæða raunávöxtun upp á 10,6% árið 2022.

Ávöxtun samtryggingardeildar 2023




Nafnávöxtun erlendra skráðra hlutabréfa var hæst allra eignaflokka en hún nam 16,3% á árinu 2023. Veðskuldabréf skiluðu 10,6% ávöxtun og ríkistryggð skuldabréf 9,7% ávöxtun. Innlend óskráð hlutabréf skiluðu 3,2% neikvæðri ávöxtun og innlend skráð hlutabréf lækkuðu um 1,7% á árinu.


Nafnávöxtun eignaflokka samtryggingardeildar 2023



Nafnávöxtun samtryggingardeildar undanfarin 10 ár




Raunávöxtun samtryggingardeildar undanfarin 10 ár



Sé horft til lengra tímabils nemur 5 ára hrein meðalnafnávöxtun samtryggingardeildar 10,0% og hrein meðalraunávöxtun 4,1%. 20 ára hrein meðalnafnávöxtun sjóðsins nemur 8,6% og hrein meðalraunávöxtun fyrir sama tímabil nemur 3,5%.


Ávöxtun samtryggingardeildar 2023



Fjárfestingar


Alls námu verðbréfakaup samtryggingardeildar sjóðsins 133,8 mö.kr. á árinu 2023. Sala verðbréfa á sama tímabili nam 49,9 mö.kr. Nettó fjárfestingar samtryggingardeildar námu því 83,9 mö.kr. á árinu 2023 samanborið við 77,1 ma.kr. á árinu 2022. Kaup í veðskuldabréfum námu 37,9 mö.kr., nettó kaup í skuldabréfum banka námu 17,4 mö.kr. Töluvert var aukið við eign í erlendum óskráðum hlutabréfum og námu nettó kaup innan flokksins 9,9 mö.kr. Kaup í skuldabréfum sveitarfélaga námu 8,5 mö.kr. og kaup umfram sölu í skuldabréfum fyrirtækja námu 6,9 mö.kr. Einu flokkarnir þar sem sala var umfram kaup á árinu var í erlendum skráðum hlutabréfum þar sem nettó sala nam 2 mö.kr. og í ríkistryggðum skuldabréfum þar sem nettó sala nam 9,2 mö.kr.

Fjárfestingar samtryggingardeildar á árinu 2023 (í milljörðum króna)



Eignasafn samtryggingardeildar Gildis við árslok 2023


Verðbréfasafn Gildis samanstendur af fjölda eigna sem skiptast í mismunandi flokka eftir eðli þeirra. Hér að neðan og á næstu síðum er veitt innsýn í eignasafn sjóðsins frá nokkrum ólíkum sjónarhornum. Hægt er að kynna sér nánari upplýsingar og sundurliðun safnsins í ársreikningi sjóðsins, m.a. í skýringum 6, 7, 8, 11, 12 og 14. Í árslok 2023 skiptist eignasafn samtryggingardeildar á eftirfarandi hátt:




Þróun eignasafns samtryggingardeildar

Eignasafn samtryggingardeildar Gildis hefur tekið miklum breytingum síðasta áratug eins og sést á myndunum hér að neðan. Vægi innlendra hlutabréfa jókst jafnt og þétt fram til ársins 2016, lækkaði síðan lítillega næstu ár þar á eftir en það hækkaði á ný eftir árið 2019. Á árinu 2023 dró aftur úr hlutfalli þeirra. Vægi erlendra verðbréfa hefur aukist mikið undanfarin ár, á árunum 2021 og 2022 dró tímabundið úr því, en það jókst svo aftur á árinu 2023. Þá hefur vægi annarra skuldabréfa aukist nokkuð á kostnað ríkistryggðra skuldabréfa. Einkum má benda á aukið vægi veðskuldabréfa allra síðustu ár þar sem sjóðfélagalán vega þyngst.


Eignasafn samtryggingardeildar eftir eignaflokkum (í milljörðum króna)




Hlutfallsleg skipting samtryggingardeildar eftir eignaflokkum 2014–2023



Innsýn í eignasafn samtryggingardeildar við árslok 2023





Innlent skuldabréfasafn


425,5 milljarðar króna

43,6% heildareigna samtryggingardeildar

Í árslok 2023 nam virði innlends skuldabréfasafns samtryggingardeildar 425,5 mö.kr. eða sem nemur 43,6% af heildareignum. Ríkistryggð skuldabréf eru undirstaða innlendu skuldabréfaeignarinnar þótt vægi þeirra hafi farið minnkandi síðustu ár. Aðrir helstu flokkar skuldabréfa í safni Gildis eru skuldabréf fyrirtækja, skuldabréf banka, skuldabréf sveitarfélaga og veðskuldabréf. Um 94% veðskuldabréfa eru sjóðfélagalán, sem hafa vaxið mikið sem eignaflokkur undanfarin ár.


Frekari upplýsingar um innlend skuldabréf má finna í skýringum 7 og 12 í ársreikningi. Ávöxtun innlendra skuldabréfa á árinu var nokkuð misjöfn milli flokka eins og sést á mynd hér að neðan. Veðskuldabréf skiluðu hæstu ávöxtuninni en skuldabréf sveitarfélaga þeirri lægstu. Innlend skuldabréf skiluðu að meðaltali um 8% nafnávöxtun á árinu 2023.

Nafnávöxtun innlendra skuldabréfa árið 2023



Í árslok 2023 var hlutfall ríkistryggðra skuldabréfa 36,5% af innlendra skuldabréfaeign samtryggingardeildar. Hlutfall veðskuldabréfa af innlendra skuldabréfaeign var 23,5%, hlutfall skuldabréfa fyrirtækja var 16,0%, skuldabréf útgefin af bönkum voru 18,1% og skuldabréf sveitarfélaga 5,9%.


Innlent skuldabréfasafn samtryggingardeildar (425,5 milljarðar króna)



Ríkistryggð skuldabréf

Við árslok voru 62% þeirra skuldabréfa sem hafa beina eða óbeina ríkisábyrgð í safni Gildis útgefin af Íbúðalánasjóði eða forverum hans (nú ÍL-sjóði). Ríkissjóður stóð beint að baki skuldabréfum að andvirði 59,0 ma.kr. eða sem nemur 38,0% af ríkistryggðum skuldabréfum. Meirihluti ríkistryggðra skuldabréfa, eða 74,7%, er verðtryggður.

Ríkistryggð skuldabréf (155,2 milljarðar króna)



Veðskuldabréf

Lán til sjóðfélaga með veði í íbúðarhúsnæði eru flokkuð meðal veðskuldabréfa samtryggingardeildar. Sjóðfélagalán námu samtals um 94,2 mö.kr. í árslok 2023. Hlutfall verðtryggðra sjóðfélagalána af heildarveðskuldabréfum nam 59,8% og hlutfall óverðtryggðra lána 34,3%. Óverðtryggðu sjóðfélagalánin eru öll á breytilegum vöxtum en þau verðtryggðu skiptast þannig að 27,4% eru á föstum vöxtum og 72,6% á breytilegum vöxtum. Önnur veðskuldabréf, s.s. veðskuldabréf fyrirtækja, námu 5,9 mö.kr. í árslok eða sem nemur 5,9% af veðskuldabréfaeign samtryggingardeildar.


Veðskuldabréf (100,1 milljarður króna)



Skuldabréf fyrirtækja

Stærstur hluti skuldabréfa fyrirtækja í eignasafni samtryggingardeildar er gefinn út af fasteignafélögum, eða 81,4%. Skuldabréf orku- og innviðafyrirtækja nema 7,6%, skuldabréf rekstrarfélaga 2,8% og önnur bréf um 8,2%.


Skuldabréf fyrirtækja (67,9 milljarðar króna)



Skuldabréf banka

Stærstur hluti skuldabréfa banka voru verðtryggð, eða 71,0%, en 29,0% þeirra voru óverðtryggð. Sértryggð skuldabréf banka eru uppistaðan í þessum flokki, eða 90,9%.

Skuldabréf banka (77,2 milljarðar króna)



Skuldabréf sveitarfélaga


Skuldabréf útgefn milliliðalaust af sveitarfélögum námu 30,7% af safni sveitarfélagabréfa í árslok 2023. Lánasjóður sveitarfélaga var útgefandi 55,1% bréfa safnsins og skuldabréf fyrirtækja útgefn með ábyrgð sveitarfélaga námu 14,2%.

Skuldabréf sveitarfélaga (24,9 milljarðar króna)



Innlent hlutabréfasafn

209,9 milljarðar króna
21,5% heildareigna samtryggingardeildar




Virði innlends hlutabréfasafns samtryggingardeildar Gildis var 209,9 ma.kr. í árslok 2023, eða sem nam 21,5% heildareigna. Meginuppistaða innlenda hlutabréfasafnsins eru hlutabréf skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland, en hluti bréfanna er skráður í kauphallir Norðurlanda og Hollands. Óskráð hlutabréfaeign samtryggingardeildar liggur að mestu annars vegar í framtakssjóðum og hins vegar í félögum stofnuðum utan um eignarhluti í ákveðnum félögum, m.a. vegna meðfjárfestingar í fjárfestingarverkefnum framtakssjóða sem Gildi er hluthafi í. Auk hefðbundinna framtakssjóða er um að ræða sjóði sem leggja sérstaka áherslu á fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum, fasteignum eða fjárfestingar í lánaafurðum. Upplýsingar um fjárfestingar í innlendum hlutabréfum má finna í skýringum 6 og 11 í ársreikningi.

Nafnávöxtun innlendra hlutabréfa árið 2023


Nafnávöxtun innlendra hlutabréfa var neikvæð um 2,0% á árinu 2023. Framtakssjóðir gáfu hæsta ávöxtun innlendra hlutabréfaeigna, eða 1,7%, skráð hlutabréf gáfu neikvæða 1,7% ávöxtun en óskráð hlutabréf, þ.e. bein fjárfesting í einstökum félögum, báru neikvæða 8,0% ávöxtun.

Nafnávöxtun innlendra hlutabréfa árið 2023



Innlent hlutabréfasafn samtryggingardeildar

Við árslok 2023 voru 80,9% eigna sem teljast til innlendra hlutabréfa í skráðum hlutabréfum en 19,1% voru í óskráðum eignum, þ.e. í framtakssjóðum og beinum fjárfestingum í hlutabréfum óskráðra félaga.




Innlent skráð hlutabréfasafn

Markaðsvirði innlends skráðs hlutabréfasafns samtryggingardeildar Gildis var 169,9 milljarðar í lok árs 2023. Skráða hlutabréfasafnið samanstóð þá af 22 félögum. Stærsta einstaka eign í safninu var 6,7% hlutur í matvælatækniyrirtækinu Marel, en virði hlutarins nam 24,2 mö.kr. í árslok 2023 eða sem nemur 14,2% af heildarvirði innlendra skráðra hlutabréfa samtryggingardeildar.

Næstverðmætastur var 9,8% hlutur í Arion banka. Virði hans í árslok 2023 nam 21,8 mö.kr., eða 12,8% af heildarvirði innlendra skráðra hlutabréfa sjóðsins.

Innlent skráð hlutabréfasafn (í milljörðum króna)



Atvinnugreinaskipting hlutabréfajárfestinga

Sé skráðu félögum skipt niður á viðeigandi greinar atvinnulífsins fæst atvinnugreinaskipting safnsins. Samkvæmt slíkri skiptingu liggur rúmur helmingur skráða safnsins í tveimur atvinnugreinaflokkum. Annar er fjármálaþjónusta (29,8%) en innan þess flokks eru Arion banki, Íslandsbanki, Kvika banki, VÍS og Sjóvá. Hinn flokkurinn er tækni (20,6%). Næstu atvinnugreinar þar á eftir eru sjávarútvegur (þar með talið fiskeldi, 14,5%) og smásala (13,3%).

Atvinnugreinaskipting – skráð innlend hlutabréf




Í lok 2023 var óskráði hluti hlutabréfasafns samtryggingardeildar bókfærður á 40 milljarða króna. Um er að ræða 38 aðskildar fjárfestingar sem eru mismunandi að eðli og umfangi. Stærsta einstaka óskráða fjárfesting samtryggingardeildar er 20% hlutur í Jarðvarma slhf., en félagið er eignarhaldsfélag utan um 50% eignarhlut í orkufyrirtækinu HS Orku hf. Önnur stærsta óskráða eignin er 20% hlutdeild í Blávarma slhf., sem er eignarhaldsfélag utan um 36,2% eignarhlut í Bláa Lóninu hf. Þriðja stærsta óskráða fjárfestingin er 19,0% hlutur í HSV eignarhaldsfélagi slhf., en það félag heldur utan um 49,8% hlut í veitufyrirtækinu HS Veitum hf. Á árinu 2023 voru keyptir eignarhlutir í tveimur óskráðum félögum, annars vegar tæplega 4% hlutur í Controlant hf., sem starfar við rauntímavöktun lyfjasendinga með hagnýtingu eigin tækni, hins vegar rúmlega 6% hlutur í CRI hf., en það félag hefur þróað tækni sem nýst getur við framleiðslu á vistvænu metanóli.

Atvinnugreinaskipting – óskráð innlend hlutabréf




Erlent skuldabréfasafn



9,7 milljarðar króna
1% heildareigna samtryggingardeildar

Virði erlends skuldabréfasafns samtryggingardeildar Gildis nam 9,7 milljörðum í árslok 2023, eða sem nemur 1% heildareigna. Nánari upplýsingar um fjárfestingar í erlendum skuldabréfum, sem eru alfarið í gegnum skráða og óskráða skuldabréfasjóði, má finna í skýringum 6 og 11 í ársreikningi.

Nafnávöxtun erlendra skuldabréfa á árinu 2023



Nafnávöxtun erlendra skuldabréfa á árinu 2023


Ávöxtun erlendra skuldabréfa var jákvæð á árinu um 7,6% og munar þar mest um óskráð skuldabréf sem hækkuðu um 9,9%. Skráðir skuldabréfasjóðir gáfu 5,7% jákvæða ávöxtun en til samanburðar hækkaði skuldabréfavísitalan Bloomberg Global Aggregated um 5,7% í erlendri mynt eða um 1,4% í íslenskum krónum.

Erlend skuldabréf (9,7 milljarðar króna)



■ (66,8%)	Skráð skuldabréf	6,5 ma.kr.
■ (33,2%)	Óskráð skuldabréf	3,2 ma.kr.


Erlent hlutabréfasafn



320,2 milljarðar króna
32,8% heildareigna samtryggingardeildar

Erlent hlutabréfasafn samtryggingardeildar Gildis nam 320,2 mö.kr. í árslok 2023 eða 32,8% heildareigna. Erlent safn hlutabréfa skiptist í skráðar og óskráðar eignir. Skráðar eignir eru að meginuppistöðu hlutabréfasjóðir en Gildi hefur einnig fjárfest í sérgreindu safni erlendra hlutabréfa. Óskráðar eignir eru hér framtakssjóðir ásamt öðrum eignum en undir þær falla erlendir óskráðir fasteigna- og innviðasjóðir. Upplýsingar um fjárfestingar í erlendum hlutabréfum má finna í skýringum 6 og 11 í ársreikningnum.


Nafnávöxtun erlendra hlutabréfa árið 2023



Erlent hlutabréfasafn

Hlutfall skráðra hlutabréfa var 68,8% af eign í erlendum hlutabréfum en hlutfall óskráðra eigna var 31,2% í árslok 2023.

Erlent hlutabréfasafn (320,2 milljarðar króna)




Erlent skráð hlutabréfasafn

Í árslok 2023 voru 52,6% af safni erlendra skráðra hlutabréfa í vísitölusjóðum, þ.e. hlutlausum sjóðum sem fjárfesta í samræmi við heimsvísitölu hlutabréfa. Hlutfall sjóða í virkri stýringu nam 47,4% en það samanstendur af samvali 10 hlutabréfasjóða og einu sérgreindu hlutabréfasafni. Fjárfestingarstefnur þeirra ganga út á að gera betur en heimsvísitala hlutabréfa. Virka safninu er m.a. ætlað að mæta mismunandi markaðsaðstæðum eða fanga ákveðin fjárfestingarþemu. Af erlenda skráða hlutabréfasafninu telur sérgreint safn um 2,7%.

Erlent óskráð hlutabréfasafn

Við árslok 2023 voru 85,2% óskráðra erlendra hlutabréfa í framtakssjóðum. Þar fyrir utan voru 9,9% í innviðasjóðum og 4,9% í fasteignasjóðum.

Erlent óskráð hlutabréfasafn (100 milljarðar króna)



Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefna Gildis er gerð með það að markmiði að ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af hagfelldustu kjörum sem í boði eru á hverjum tíma með tilliti til áhættu. Í stefnunni er m.a. fjallað um þá eignaflokka sem leyfilegt er að fjárfesta í og markmið um eignarhlutföll og vikmörk þeirra, markmið um ávöxtun og áhættu heildarsafns, viðmið er varða ávöxtun og áhættu eignaflokka sem og efnahagshorfur og aðstæður á mörkuðum.

Í lok nóvember 2023 setti stjórn Gildis nýja fjárfestingarstefnu fyrir samtryggingardeild fyrir árið 2024. Í nýrri stefnu er samanlagt vægi hlutabréfa og samanlagt vægi skuldabréfa óbreytt frá fyrri stefnu. Hlutfall skuldabréfa banka og sparisjóða, veðskuldabréfa og skuldabréfa sveitarfélaga er hækkað frá fyrri stefnu en á móti lækkar hlutfall skuldabréfa með ábyrgð ríkisins.

Þá var gerð sú breyting á stefnunni að eignaflokkur sem áður hét innlán heitir nú innlán og laust fé. Þar undir heyra nú bæði innlán og lausafjár sjóðir í íslenskum krónum og erlendri mynt. Á sama tíma var gerð sú breyting að eignaflokkurinn erlendir skammtímasjóðir var tekinn út úr stefnunni.


Lagt er upp með að vægi gengisbundinna eigna verði óbreytt frá viðmiði í fyrri stefnu eða 37%. Vikmörk í fjárfestingarstefnu samtryggingardeildar eru áfram höfð víð í nokkrum eignaflokkum, sem og takmarkanir á samanlögðu hlutfalli hlutabréfa og samanlögðu hlutfalli skuldabréfa. Stafar það m.a. af óvissu um það hvaða fjárfestingarkostir munu standa sjóðnum til boða og í hvaða eignaflokkum þeir kostir verða, bæði innanlands og utan.

Þær breytingar sem gerðar eru á vikmörkum stefnunnar að þessu sinni eru að efri og neðri vikmörkum fyrir skuldabréf með ábyrgð ríkisins er hliðrað niður á við um 2 prósentustig á sama tíma og efri og neðri vikmörkum skuldabréfa banka og sparisjóða og veðskuldabréfa er hliðrað upp á við um 1 prósentustig.

Fjárfestingarstefna samtryggingardeildar og eignaskipting í árslok 2023

Verðbréfaflokkur	Eignir (m.kr.)	Eignir (%)	Stefna	Heimiluð vikmörk	
	31.12.2023	31.12.2023	2024	Lágmark	Hámark
Innlán og laust fé	9.724	1,0%	0,5%	0,0%	10,0%
Skuldabréf (alls)	435.137	44,6%	45,0%	35,0%	65,0%
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	155.229	15,9%	15,0%	8,0%	23,0%
Skuldabréf banka og sparisjóða	77.204	7,9%	8,0%	4,0%	12,0%
Veðskuldabréf	100.156	10,3%	11,0%	3,0%	17,0%
Skuldabréf sveitarfélaga	24.912	2,6%	2,5%	0,0%	5,0%
Skuldabréf fyrirtækja	67.950	7,0%	8,0%	3,0%	15,0%
Erlend skuldabréf	9.686	1,0%	0,5%	0,0%	12,0%
Hlutabréf (alls)	515.282	52,9%	53,0%	35,0%	60,0%
Innlend hlutabréf	209.908	21,5%	22,0%	12,0%	29,0%
Erlend hlutabréf	305.374	31,3%	31,0%	19,0%	39,0%
Aðrar fjárfestingar (alls)	14.819	1,5%	1,5%	0,0%	4,0%
Samtals	974.962	100%	100%	100%	100%

Frávik eignastöðu samtryggingardeildar og fjárfestingarstefnu í árslok 2023



Tryggingafræðileg staða

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt samtryggingardeildar í árslok 2023 var heildarstaða sjóðsins neikvæð um 79,4 ma.kr. eða um 4,3% af skuldbindingum. Til samanburðar var heildarstaðan neikvæð um 63,4 ma.kr. í árslok 2022 eða um 3,9% af skuldbindingum. Skýrist þessi lækkun á milli ára að stærstum hluta af neikvæðri raunávöxtun eigna sjóðsins á árinu og hækkun áfallinna skuldbindinga vegna 8,0% hækkunar vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.


Eins og áður er reiknað með sértæku álagi á dánarlíkur út frá staðalforsendum, nú aðlöguðu miðað við reynslu sjóðfélaga Gildis á árunum 2018–2022. Þá er einnig miðað við sértækar örorkulíkur fyrir sjóðinn miðað við reynslu árunum 2011–2016.

Taflan hér að neðan sýnir niðurstöðu úttektar á heildarstöðu sjóðsins í árslok 2023. Til samanburðar er sýnd niðurstaða úttektar á sjóðnum miðað við árslok 2022.


Niðurstöður tryggingafræðilegrar úttektar – heildarstaða (þús.kr.)

	31.12.2023	31.12.2022
Eignir		
Hrein eign til greiðslu líffeyris	983.182.712	905.474.546
Endurmat verðbréfa miðað við 3,5% vexti	21.834.830	-2.865.139
Núvirði framtíðariðgjalda	758.959.788	680.637.726
Eignir samtals	1.763.977.331	1.583.247.133
Skuldbindingar		
Ellilífeyrir	1.436.134.678	1.281.685.820
Örorkulífeyrir	299.347.625	267.710.207
Makalífeyrir	65.271.364	58.590.855
Barnalífeyrir	9.392.705	8.654.847
Núvirði framtíðarrekrarkostnaðar	33.240.579	30.048.153
Skuldbindingar samtals	1.843.386.978	1.646.689.883
Eignir umfram skuldbindingar	-79.409.647	-63.442.750
Hlutfall af skuldbindingum í árslok	-4,3%	-3,9%


Tryggingafræðileg heildarstaða, þróunin síðustu 10 ár



Tryggingafræðileg áfallin staða og framtíðarstaða, þróunin síðustu 10 ár



Örorkubyrði / örorkuframlag



Örorkubyrði Gildis og örorkulíkur sjóðfélaga í tryggingafræðilegri úttekt eru með því hæsta sem þekkt hjá íslenskum lífeyrissjóðum. Í úttektinni í árslok 2023 var miðað við sérhæfðar örorkulíkur sem byggja á tölfræði fyrir sjóðfélaga Gildis á árunum 2011–2016. Hjá mörgum íslenskum lífeyrissjóðum eru örorkulíkurnar allt að helmingi lægri en hjá Gildi. Til að jafna stöðu lífeyrissjóða vegna mismunandi örorkubyrði hafa lífeyrissjóðir fengið úthlutað örorkuframlagi frá ríkinu sem greiðist af tryggingagjaldi. Á grundvelli ákvæðis í samþykktum Gildis frá árinu 2011 hefur sjóðurinn nýtt þetta framlag til þess að hækka réttindi lífeyrisþega og greiðandi sjóðfélaga.

Framlagið nam 2.682 m.kr. á árinu 2023 og verða iðgjöld hækkuð um 3,6% á árinu 2024 og lífeyrisgreiðslur um 3,0% á grundvelli þessa.

Orsakir örorku

Litlar breytingar hafa orðið á orsökum örorku hjá lífeyrisþegum Gildis. Sem fyrr eru langalgengustu orsakir örorku annars vegar stoðkerfis- og gigtarsjúkdómar og hins vegar geð- og þunglyndissjúkdómar.

Stoðkerfis- og gigtarsjúkdómar	37,0%
Geð- og þunglyndissjúkdómar	20,7%
Slys og áverkar	10,8%
Hjarta-, æða- og lungnasjúkdómar	8,9%
Taugasjúkdómar	5,0%
Krabbamein	3,9%
Áfengis- og vímuefnasýki	2,8%
Offita	1,1%
Aðrir sjúkdómar	9,7%






Séreignardeild


Lykiltölur 2023

Framtíðarsýn 1 – skuldabréf 65% og hlutabréf 35%

Hrein raunávöxtun




Breyting á hreinni eign á árinu 2023 (milljónir kr.)




Framtíðarsýn 2 – skuldabréf 80% og hlutabréf 20%

Hrein raunávöxtun




Breyting á hreinni eign á árinu 2023 (milljónir kr.)




Framtíðarsýn 3 – verðtryggð innlán 100%

Hrein raunávöxtun



Breyting á hreinni eign á árinu 2023 (milljónir kr.)



37.651

Fjöldi réttihafa í séreignardeild

2.765

Fjöldi sem greiddi í séreignardeild á árinu

363

Fjöldi sem fékk greitt úr séreignardeild á árinu

Rétthafar og lífeyrir

Rétthafar í séreignardeild voru 37.651 í árslok 2023, þar af áttu 955 rétt í tilgreindri séreign. Sjóðfélagar hafa val um að ráðstafa allt að 3,5% af framlagi launagreiðanda í lífeyrissjóð í tilgreinda séreign í stað samtryggingar.

Mikilvægt er að sjóðfélagar kynni sér þær reglur sem gilda um tryggingavernd í samtryggingardeild annars vegar og þær reglur sem gilda um tilgreinda séreign hins vegar þegar ákvörðun er tekin um ráðstöfun iðgjaldsins. Sjóðfélagar hafa val um að ávaxta iðgjaldið hjá Gildi eða óska eftir flutningi í annan sjóð sem tekur við tilgreindri séreign. Á árinu sóttu 1.821 sjóðfélagi um tilgreinda séreign, þar af óskuðu 1.649 eftir flutningi í annan sjóð.

Lífeyrisgreiðslur séreignar á árinu 2023 (í þús.kr.)

	Leið 1	Leið 2	Leið 3	Samtals
Ellilífeyrir	101.573	82.010	75.944	259.527
Örorkulífeyrir	1.219	1.070	2.275	4.564
Útgreiðsla arfs	3.493	557	4.311	8.361
Samtals	106.285	83.637	82.530	272.452


Hrein eign séreignardeildar var 8.709 m.kr. í árslok og hækkaði um 932 m.kr. frá fyrra ári. Greiddar voru 272 m.kr. út á árinu í lífeyri. Greiðslur inn á fasteignalán og útgreiðslur vegna fasteignakaupa voru 182 m.kr. Nýir samningar um séreignarsparnað voru 267 talsins.

Eignasafn og ávöxtun


Mismunandi ávöxtun fjárfestingarleiða stafar af því að eignaflokkar veга mismunandi í söfnum þeirra auk þess sem sömu eignaflokkar aðskildra leiða geta verið samsettir á mismunandi máta. Í tilviki Framtíðarsýnar 1 eru þannig að jafnaði 35% eignasafnsins í hlutabréfum og 65% í skuldabréfum en hjá Framtíðarsýn 2 eru 20% eignasafnsins að jafnaði í hlutabréfum og 80% í skuldabréfum. Framtíðarsýn 3 samanstendur einungis af verðtryggðum innlánum.

Skuldabréf og innlán námu 56,5% eigna í safni Framtíðarsýnar 1 í árslok, þar af námu ríkistryggð skuldabréf 19,3%. Hlutabréf námu samtals 43,5% í árslok og þar af námu innlend hlutabréf 20%. Í safni Framtíðarsýnar 2 námu skuldabréf og innlán 74,2% í árslok, þar af námu ríkistryggð skuldabréf 23,3%. Hlutabréf námu samtals 25,8% í árslok og þar af námu innlend hlutabréf 12,8%.

Eignasafn séreignarleiða við árslok 2023




Ávöxtun séreignarleiða á árinu 2023



Framtíðarsýn 1


Hrein nafnávöxtun Framtíðarsýnar 1 var 5,7% eða sem nemur neikvæðri 2,1% hreinni raunávöxtun. Fimm ára meðalraunávöxtun nemur nú 2,6% en 3,3% sé horft til síðustu tíu ára.

Ávöxtun Framtíðarsýnar 1



Erlend hlutabréf Framtíðarsýnar 1 skiluðu 14,2% nafnávöxtun á árinu 2023 og innlán skiluðu 8,5% nafnávöxtun. Skuldabréf skiluðu 5,9% nafnávöxtun en innlend hlutabréf skiluðu neikvæðri 2,0% nafnávöxtun.


Nafnávöxtun helstu eignaflokka Framtíðarsýnar 1 á árinu 2023



Fjárfestingar

Fjárfestingar Framtíðarsýnar 1, þ.e. kaup umfram sölu, námu 294,4 m.kr. á árinu 2023. Nettó kaup á skuldabréfum fyrirtækja námu 80,9 m.kr., nettó kaup á innlendum skráðum hlutabréfum námu 76,0 m.kr. og kaup umfram sölu á skuldabréfum sveitarfélaga 64,7 m.kr. Þá námu nettó kaup á skuldabréfum banka og fjármálafyrirtækja 50,3 m.kr. og kaup umfram sölu á innlendum óskráðum hlutabréfum 37,4 m.kr. Nettó sala á ríkistryggðum skuldabréfum nam 14,9 m.kr. á árinu.

Fjárfestingar Framtíðarsýnar 1 á árinu 2023 (í milljónum kr.)



Fjárfestingarstefna


Í Framtíðarsýn 1 eru 35% safnsins að jafnaði í hlutabréfum og 65% í skuldabréfum og innlánum.

Þegar stór hluti safnsins er bundinn í hlutabréfum má búast við meiri sveiflum í ávöxtun en um leið eru væntingar til ávöxtunar hærrí til lengri tíma litið. Í árslok 2023 voru 43,5% safnsins bundin í hlutabréfum og 56,5% í skuldabréfum og innlánum.

Fjárfestingarstefna Framtíðarsýnar 1 og eignaskipting í lok ársins 2023

Framtíðarsýn 1 Verðbréfaflokkur	Eignir (m.kr.) 31.12.2023	Eignir (%) 31.12.2023	Stefna 2024	Heimiluð frávik	
				Lágmark	Hámark
Skuldabréf	1.871,1	56,5%	65,0%	55,0%	75,0%
Innlán og laust fé	36,8	1,1%	1,0%	0,0%	15,0%
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	640,0	19,3%	21,0%	10,0%	65,0%
Skuldabréf banka og sparisjóða	553,3	16,7%	18,0%	0,0%	26,0%
Veðskuldabréf	-	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%
Skuldabréf sveitarfélaga	156,0	4,7%	6,0%	0,0%	10,0%
Skuldabréf fyrirtækja	480,2	14,5%	18,0%	0,0%	24,0%
Erlend skuldabréf	4,8	0,1%	1,0%	0,0%	15,0%
Hlutabréf	1.437,96	43,5%	35,0%	25,0%	45,0%
Innlend hlutabréf	662,8	20,0%	16,0%	0,0%	25,0%
Erlend hlutabréf	775,2	23,4%	19,0%	10,0%	40,0%
Samtals	3.309,0	100%	100%		


Frávik eignastöðu Framtíðarsýnar 1 frá fjárfestingarstefnu í árslok 2023



Framtíðarsýn 2


Hrein nafnávöxtun Framtíðarsýnar 2 nam 5,3% eða sem nemur 2,5% neikvæðri hreinni raunávöxtun. Sé litið til lengri tíma nemur fimm ára meðalraunávöxtun nú 1,1% og meðalraunávöxtun síðustu tíu ára 2,8%.

Ávöxtun Framtíðarsýnar 2



Erlend hlutabréf Framtíðarsýnar 2 skiluðu 14,2% nafnávöxtun á árinu 2023 og innlán 6,9% nafnávöxtun. Innlend skuldabréf skiluðu 5,6% nafnávöxtun en innlend hlutabréf skiluðu neikvæðri 2,0% ávöxtun.


Nafnávöxtun helstu eignaflokka Framtíðarsýnar 2 á árinu 2023



Fjárfestingar

Fjárfestingar Framtíðarsýnar 2, þ.e. kaup umfram sölu, námu 490,6 m.kr. á árinu 2023. Kaup á skuldabréfum sveitarfélaga námu 155,8 m.kr., nettó kaup á skuldabréfum banka og fjármálafyrirtækja námu 153,7 m.kr. og kaup umfram sölu í skuldabréfum fyrirtækja námu 120,9 m.kr. Þá námu nettó kaup í innlendum skráðum hlutabréfum 52 m.kr. og nettó kaup á innlendum óskráðum hlutabréfum 23,2 m.kr. Nettó sala á ríkistryggðum skuldabréfum nam 15 m.kr. á árinu.

Fjárfestingar Framtíðarsýnar 2 á árinu 2023 (í m.kr.)




Fjárfestingarstefna

Samkvæmt fjárfestingarstefnu Framtíðarsýnar 2 eru 20% safnsins að jafnaði í hlutabréfum og 80% í skuldabréfum. Með hærri hlutfalli skuldabréfa má gera ráð fyrir minni sveiflum í ávöxtun en vænt ávöxtun er að sama skapi lægri til lengri tíma lítið. Í árslok 2023 skiptust eignir Framtíðarsýnar 2 þannig að 25,8% þeirra voru í hlutabréfum en 74,2% í skuldabréfum og innlánnum.

Fjárfestingarstefna Framtíðarsýnar 2 og eignaskipting í lok árs 2023

Verðbréfaflokkur	Eignir (m.kr.) 31.12.2023	Eignir (%) 31.12.2023	Stefna 2024	Heimiluð frávik	
				Lágmark	Hámark
Skuldabréf	2.552,9	74,2%	80,0%	70,0%	90,0%
Innlán og laust fé	35,2	1,0%	1,0%	0,0%	15,0%
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	801,4	23,3%	24,0%	15,0%	80,0%
Skuldabréf banka og sparisjóða	785,4	22,8%	23,0%	0,0%	32,0%
Veðskuldabréf	-	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%
Skuldabréf sveitarfélaga	266,8	7,8%	8,0%	0,0%	12,0%
Skuldabréf fyrirtækja	655,8	19,1%	22,0%	0,0%	30,0%
Erlend skuldabréf	8,3	0,2%	2,0%	0,0%	15,0%
Hlutabréf	886,2	25,8%	20,0%	10,0%	30,0%
Innlend hlutabréf	440,8	12,8%	9,0%	0,0%	20,0%
Erlend hlutabréf	445,3	12,9%	11,0%	5,0%	25,0%
Samtals	3.439,1	100%	100%		


Frávik eignastöðu Framtíðarsýnar 2 frá fjárfestingarstefnu í árslok 2023



Framtíðarsýn 3

Eignir Framtíðarsýnar 3 eru eingöngu í verðtryggðum innlánum hjá bönkum og sparisjóðum, líkt og fjárfestingarstefna leiðarinnar kveður á um. Hrein nafnávöxtun fjárfestingarleiðarinnar var 8,2%, eða sem nemur 0,2% hreinni raunávöxtun. Meðalraunávöxtun síðastliðin fimm ár mælist nú 0,8%, en 1,3% sé litið til síðustu tíu ára.

Ávöxtun Framtíðarsýnar 3



Fjárfestingarstefna Framtíðarsýnar 3 og eignaskipting í lok árs 2023

Verðbréfaflokkur	Eignir (m.kr.) 31.12.2023	Eignir (%) 31.12.2023	Stefna 2024	Heimilud frávik	
				Lágmark	Hámark
Verðtryggð innlán	1.912,0	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Samtals	1.912,0	100,0%	100,0%		





Starfsemi

Rekstrarkostnaður

1.410 m.kr.

2,9%

Rekstrarkostnaður (hlutfall af iðgjöldum)

5.196 kr.


Rekstrarkostnaður á hvern sjóðfélaga

46

Fjöldi starfsmanna í árslok 2023

Laun og launatengd gjöld	877 m.kr.
Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður	211 m.kr.
Húsnæðiskostnaður	50 m.kr.
Útsending yfirlita og lífeyristilkynninga	42 m.kr.
Fjármálaeftirlitið – árgjald	36 m.kr.
Annað	194 m.kr.

Rekstrarkostnaður (% af meðalstöðu eigna)



Fjárfestingargjöld

4.550 m.kr.

1,4%

Hlutfall fjárfestingargjalda af meðalstöðu undirliggjandi eigna í sjóðum

1,7%

Hlutfall fjárfestingargjalda af eign í innlendum sjóðum

1,3%

Hlutfall fjárfestingargjalda af eign í erlendum sjóðum

Stjórn

Stjórn Gildis er skipuð átta einstaklingum. Fjórir eru kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi og fjórir tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra.

Eftirtalin skipa stjórn sjóðsins til ársfundar 2024

- Björgvin Jón Bjarnason, formaður
- Stefán Ólafsson, varaformaður
- Árni Bjarnason
- Bjarnheiður Hallsdóttir
- Freyja Önundardóttir
- Gundega Jaunlinina
- Perla Ösp Ásgeirsdóttir
- Sverrir Sverrisson

Varamenn

- Páll Ásgeir Guðmundsson
- Inga Jóna Friðgeirsdóttir
- Ingibjörg Ólafsdóttir

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Hún setur sjóðnum fjárfestingarstefnu og skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun og starfsemi sjóðsins. Meðal þess sem stjórnin fjallar um á fundum sínum eru ákvarðanir um fjárfestingar, breytingar á samþykktum, eftirlit með fjárfestingum, mótun innra eftirlits og lánareglur sjóðsins. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Þó skulu fulltrúar atvinnurekenda og stéttarféлага hafa á hendi formennsku til skiptis í eitt ár í senn. Samkvæmt samþykktum sjóðsins skulu stjórnarmenn ekki sitja lengur en átta ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn.

Á árinu 2023 voru haldnir 20 stjórnarfundir auk þess sem haldinn var tveggja daga stefnumótunarfundur í september.

Eyþór Þ. Árnason, sem var kosinn varamaður í stjórn á ársfundi 2022, sagði sig úr stjórn sjóðsins um mitt ár 2023.

Hæfi stjórnarmanna

Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða kveða á um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra lífeyrissjóða. Skulu þeir búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi skal Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við þau lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sem um starfsemina gilda. Útnefning stjórnarmanna lífeyrissjóða er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins og skulu þeir uppfylla kröfur þess, m.a. um nægilega þekkingu og reynslu af starfsemi lífeyrissjóða. Einnig þurfa stjórnarmenn að standast hæfismat eftirlitsins.



Björgvin Jón Bjarnason



Stefán Ólafsson



Árni Bjarnason



Bjarnheiður Hallsdóttir



Freyja Önundardóttir



Gundega Jaunlinina



Perla Ösp Ásgeirsdóttir



Sverrir Sverrisson

Starfsmenn

	Starfssvið
Aðalbjörn Sigurðsson	Forstöðumaður samskipta
Anna Lis Hjaltadóttir	Deildarstjóri iðgjaldadeildar
Anna Rúnarsdóttir	Reikningshald
Atli Arnarson	Áhættueftirlit
Ágústa Hrönn Gísladóttir	Deildarstjóri lífeyrisdeildar
Árni Hrafn Gunnarsson	Yfirlögfræðingur og staðgengill framkvæmdastjóra
Ásbjörg Hjálmarsdóttir	Móttaka og símsvörun
Berglind Elín Davíðsdóttir	Iðgjaldadeild
Bergsteinn Gizurarson	Lánadeild
Birgir Stefánsson	Eignastýring
Bjarney Sigurðardóttir	Skrifstofustjóri
Bjarni Gíslason	Eignastýring
Davíð Rúðólfsson	Framkvæmdastjóri
Friðgerður María Friðriksdóttir	Iðgjaldadeild
Gunnar Þór Ásgeirsson	Lögfræðingur
Gyða Sigurðardóttir	Iðgjaldadeild
Halldór Kristján Baldursson	Reikningshald
Hrefna Snorradóttir	Iðgjaldadeild
Hulda Helgadóttir	Deildarstjóri lánadeildar
Ilona Piech	Lífeyrisdeild
Ingibjörg Gróa Gunnarsdóttir	Lánadeild
Ívar Róbertsson	Forstöðumaður reikningshalds
Jóhanna Einarsdóttir	Skrifstofa Ísafrði
Jóhannes Svan Ólafsson	Lífeyrisdeild
Jón Viðar Þorsteinsson	Upplýsingatækni
Júlía Crawford	Lífeyrisdeild
Kalman Breki Guðmundsson	Lánadeild
Laufey Birna Ómarsdóttir	Eignastýring
Lilja Sigurðardóttir	Reikningshald
Marteinn Kristjánsson	Lífeyrisdeild
Pálína Hallgrímsdóttir	Lífeyrisdeild
Rakel María Karlsdóttir	Lánadeild
Rannveig Rut Valdimarsdóttir	Gjaldkeri og launafulltrúi
Rebekka Ólafsdóttir	Forstöðumaður áhættueftirlits og persónuverndarfulltrúi
Rósa Björgvinsdóttir	Forstöðumaður eignastýringar
Sigrún Valþórsdóttir	Móttaka og símsvörun
Sigurborg Reynisdóttir	Deildarstjóri séreignardeildar
Sigurður Óli Hákonarson	Eignastýring / staðgengill forstöðumanns eignastýringar
Sigurjón Magnússon	Upplýsingatækni
Skúli Geir Jenson	Forstöðumaður upplýsingatækni
Soffía Þóra Einarsdóttir	Skrifstofa Ísafrði
Steinunn Haraldsdóttir	Lánadeild
Styrmir Guðmundsson	Áhættueftirlit
Sverrir Reynisson	Lífeyrisdeild
Una Lára Lárusdóttir	Lífeyrisdeild
Unnur Ingibjörg Sigfúsdóttir	Eignastýring

Endurskoðunarnefnd

Stjórn Gildis skipar þriggja manna endurskoðunarnefnd sem starfar í umboði stjórnar og á ábyrgð hennar. Að minnsta kosti einn nefndarmanna skal vera óháður sjóðnum og starfsfólki hans. Nefndin hefur eftirlit með reikningshaldi, áhættustýringu og gerð ársreiknings sjóðsins í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga.

Verkefni endurskoðunarnefndar eru m.a. eftirfarandi:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðunar og áhættustýringar.
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings.
- Mat á óhæði ytri endurskoðenda og eftirlit með öðrum störfum þeirra.
- Setja fram tillögu til stjórnar um val á ytri endurskoðendum og koma að ráðningu innri endurskoðenda.

Endurskoðunarnefndina skipa:

- Sigrún Guðmundsdóttir, lögiltur endurskoðandi, formaður
- Ásgeir Brynjar Torfason, sérfræðingur á sviði fjármála og reikningsskila
- Freyja Önundardóttir, útgerðarstjóri Önundar hf. og stjórnarmaður í Gildi

Á árinu 2023 hélt nefndin sex fundi.

Nefnd um laun stjórnarmanna

Hjá Gildi starfar fjögurra manna nefnd um laun stjórnarmanna en verkefni hennar er að undirbúa og leggja fram tillögu til ársfundar um laun stjórnar fyrir komandi ár. Ársfundur kys þrjá fulltrúa í nefndina og jafnframt situr stjórnarformaður sjóðsins hverju sinni í nefndinni.

Fulltrúar atvinnurekenda

Björgvin Jón Bjarnason
Stefanía Kolbrún Ásbjörnsdóttir

Fulltrúar launamanna

Kolbeinn Gunnarsson
Þórir Jóhannesson

Starfsemi Gildis á árinu 2023

Samþykktir og stefnur

Starfsfólk Gildis starfar í samræmi við samþykktir sjóðsins en einnig eftir skýrt mörkuðum stefnum sem fela í sér áherslur sjóðsins í málum á borð við fjárfestingar, áhættusækni, hluthafastefnu, starfskjör starfsfólks, persónuvernd og fleira. Allar stefnur sjóðsins eru rýndar reglulega og þeim breytt þegar þörf er á.

Fjárfestingarstefna sjóðsins er endurnýjuð árlega og var nýjasta útgáfa hennar samþykkt af stjórn 30. nóvember 2023. Fjallað er sérstaklega um fjárfestingarstefnu sjóðsins framar í skýrslunni.

Áhættustefna sjóðsins er yfirfarin árlega m.t.t. áhættusniðs hans. Árið 2023 var skerpt á skilgreiningum á áhættuþáttum sjóðsins í stefnunni. Undirliggjandi áhættu-
stýringarstefnu var breytt til samræmis við breytingar á áhættustefnu en þó með ítarlegri hætti. Skerpt var á áherslum á milli deilda, þ.e. samtryggingu og séreigna-
leiða og áhættumælikvarðar uppfærðir. Einnig er þar nú vikið að helstu atriðum sem sjóðurinn lítur til við mat á fjárfestingarkostum niður á eignaflokka.

Á ársfundi var starfskjarastefna Gildis kynnt og samþykkt.

Aðrar helstu stefnur tóku ekki breytingum á árinu 2023 en þær eru þessar:

- Stefna um ábyrgar fjárfestingar, samþykkt 28. júní 2017
- Hluthafastefna, samþykkt 18. október 2018
- Persónuverndarstefna, samþykkt 25. júní 2018
- Starfsmannastefna, samþykkt 14. nóvember 2019
- Jafnlaunastefna, samþykkt 14. nóvember 2019
- Fjarvinnustefna, innleidd í september 2021

Nánar er fjallað um stefnur Gildis í skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra í árs-
reikningi sjóðsins. Samþykktir sjóðsins og stefnur hans má nálgast í heild á
heimasíðu Gildis.


UFS mat á innlendum eignum

Gildi-lífeyrissjóður markaði sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar árið 2017 sem höfð er til hliðsjónar við ákvarðanir sjóðsins um einstakar fjárfestingar og þegar þeim er fylgt eftir. Eignasafn Gildis er metið út frá UFS-þáttum, þar sem útgefendur verðbréfa eru metnir út frá umhverfisþáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum (UFS). Við áhættumat fyrir innlent eignasafn Gildis er stuðst við UFS einkunnagjöf frá Reitun hf. þar sem gefin eru stig á skalanum 0 til 100 (þar sem 100 er hæsta einkunn). Út frá þessum þáttum fær hver útgefandi heildareinkunn.

Kvarði fyrir UFS einkunnagjöf Reitunar hf.

UFS einkunn	Lágmark	Hámark
A1	97	100
A2	92	96
A3	86	91
B1	80	85
B2	70	79
B3	60	69
C1	50	59
C2	40	49
C3	30	39
D	0	29

Skipting á innlendu eignasafni Gildis 31.12.2023, eftir einkunnagjöf félaga í eignasafni



*Eignir sem UFS mat Reitunar nær ekki til, t.d. óskráð verðbréf og framtakssjóðir.

Innlent eignasafn Gildis tók nokkrum breytingum frá fyrra ári er varðar UFS einkunnagjöf frá Reitun. Þannig lækkaði hlutfall eigna í flokki A3 úr 52% í 45%, en lækkunina má helst rekja til þess að UFS einkunn Íslandsbanka var lækkuð milli ára úr A3 í B1. Hér þarf að hafa í huga að breytingar á vigt félaga í heildarsafni hafa áhrif, sem og breytingar á markaðsvirði viðkomandi félaga.

UFS áhættumat innlendra eigna sjóðsins

A1	-
A2	-
A3	Arion banki, ÍL-sjóður, Kvika banki, Landsbankinn, Orkuveita Reykjavíkur og Ríkissjóður Íslands.
B1	Íslandsbanki, Lánasjóður sveitarfélaga, Marel, Reginn og Ölgerðin.
B2	Akureyrarbær, Bláa Lónið, Eimskipafélag Íslands, Festi, Garðabær, Hampiðjan, Íslandshótel, Kópavogsbær, Landsnet, Rarik, Reitir fasteignafélag, Reykjavíkurborg, Sjóvá-Almennar tryggingar, Sýn, Vátryggingafélag Íslands, Óssur og HS Orka.
B3	Arnarlax, Eik fasteignafélag, Félagsbústaðir, Hagar, HS veitur, Icelandair Group, Síminn, Síldarvinnslan, SKEL og Sveitarfélagið Árborg.
C1	-
C2	Nova
C3	-
D	-

Fjárfestingar í sjálfbærum og grænum orkutengdum verkefnum

Gildi hefur síðustu ár lagt aukna áherslu á fjárfestingar í sjálfbærum og umhverfisvænum fyrirtækjum og lausnum og var sú áhersla meðal annars staðfest af stjórn Gildis árið 2021 þegar hún skrifaði undir viljayfirlýsingu á vegum Climate Investment Coalition (CIC). Var sá vilji sjóðsins staðfestur á nýjan leik af stjórn í upphafi árs 2023. Tilgangur CIC er að stuðla að auknum fjárfestingum í hreinum orkugjöfum og umhverfisvænum lausnum. Þátttaka Gildis felur í sér að sjóðurinn mun upplýsa reglulega um stefnu sína og stöðu hvað slíkar fjárfestingar varðar fram til ársins 2030. Var Gildi einn þrettán íslenskra lífeyrissjóða sem skrifaði undir viljayfirlýsinguna, og hafa sjóðirnir átt samtöl um verkefnið með það að markmiði að upplýsingaöflun og upplýsingamiðlun því tengd sé samanburðarhæf og markviss.

Fjárfestingarmarkmið Gildis sem sett var við undirritunina 2021 var að 95 mö.kr. yrði varið fram til ársins 2030 í slíkar fjárfestingar og nemi þær þá 8% af áætluðum heildareignum sjóðsins. Í ljósi framvindu fjárfestinga og þróunar eignasafnsins frá undirritun viljayfirlýsingarinnar, ásamt uppfærðu mati á því hvaða eignir falla undir CIC framtakið, þarf sjóðurinn að bæta um 90 mö.kr. við fjárfestingar sínar í umhverfisvænum verkefnum til að ná fyrrnefndu 8% markmiði í lok ársins 2030.

Starfsmannamál

Talsverðar breytingar urðu á starfsmannahópnum á árinu 2023 en átta nýir starfsmenn hófu störf hjá Gildi og níu létu af störfum. Þar á meðal var Árni Guðmundsson sem lét af störfum í árslok eftir að hafa verið framkvæmdastjóri Gildis frá stofnun sjóðsins árið 2005. Þar áður var Árni framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs sjómanna frá árinu 1982 og hafði því starfað sem stjórnandi í lífeyriskerfinu í 41 ár þegar hann lét af störfum. Við starfi framkvæmdastjóra tók Davíð Rúdólfsson sem hefur starfað hjá Gildi frá árinu 2008, þar af sem forstöðumaður eignastýringar frá árinu 2010 og sem staðgengill framkvæmdastjóra frá árinu 2016.

Um áramót urðu einnig þær breytingar meðal stjórnenda sjóðsins að Rósa Björgvinsdóttir tók við stöðu forstöðumanns eignastýringar Gildis auk þess sem að Árni Hrafn Gunnarsson, yfirlögfræðingur sjóðsins, varð staðgengill framkvæmdastjóra.

Upplýsingagjöf til sjóðfélaga

Tvisvar á ári fá sjóðfélagar Gildis sent bréf með yfirliti yfir iðgjaldagreiðslur og stöðu sína hjá sjóðnum. Samkvæmt lögum hefur fram til þessa þurft að senda þessi bréf á pappír í pósti með tilheyrandi vinnu og kostnaði. Í byrjun árs 2023 tóku gildi ný lög sem heimila rafræna sendingu á þessum yfirlitum og var þegar tekin ákvörðun hjá sjóðnum um að fara þá leið og birta yfirlitin á sjóðfélagavef Gildis. Til að tryggja að sem flestir sjóðfélagar væru meðvitaðir um breytinguna auglýsti sjóðurinn nýtt fyrirkomulag varðandi birtingu yfirlitanna í útvarpi og á helstu fréttamiðlum á netinu.

Nýjum sjóðfélögum, þ.e. þeim sem greiddu iðgjald til Gildis í fyrsta skipti á árinu, var sent bréf þar sem farið var yfir réttindi hjá Gildi og hvaða þjónustu sjóðurinn býður upp á. Slíkt hefur ekki verið gert áður en tæplega 10.000 sjóðfélagar fengu bréfið sent á árinu.

Fundir á árinu

Tæplega sextíu manns tóku þátt í rafrænum fulltrúaráðsfundi sem haldinn var fimmtudaginn 13. apríl 2023. Fundurinn var liður í undirbúningi ársfundar en þar var farið yfir afkomu Gildis á árinu 2022 sem og tillögur sem lagðar voru fyrir ársfund sjóðsins.

Um eitt hundrað manns sátu ársfund Gildis árið 2023 sem haldinn var fimmtudaginn 27. apríl á Hótel Natura Reykjavík. Á fundinum var farið yfir rekstur Gildis og afkomu á árinu 2022. Fyrirliggjandi tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins voru staðfestar á fundinum auk þess að ný starfskjarastefna var kynnt og staðfest. Að lokum var á fundinum formlega tilkynnt að Árni Guðmundsson myndi láta af störfum sem framkvæmdastjóri í lok ársins og Davíð Rúdólfsson tæki við eins og fjallað var um hér að ofan.

Um sjötíu gestir sátu sjóðfélagafund Gildis sem haldinn var á Grand Hótel Reykjavík fimmtudaginn 23. nóvember þar sem farið var yfir rekstur og stöðu sjóðsins á fyrstu níu mánuðum ársins. Erfið staða mála í Grindavík vegna mikilla jarðhræringa á svæðinu setti mark sitt á fundinn og stigu þar nokkrir fundarmenn í pontu til að ræða uppkomna stöðu gagnvart þeim sjóðfélögum sem voru með lán hjá sjóðnum og hvöttu stjórn til að bregðast hratt og vel við.

Hækkun á lífeyrisgreiðslum

Á ársfundi 2022 voru samþykktar breytingar á samþykktum Gildis þar sem teknar voru í notkun nýjar lífslíkutöflur en breytingarnar leiddu einnig til hækkunar á lífeyrisgreiðslum. Þær hækkunar komu til framkvæmda í byrjun árs 2023 og námu 10,5% hjá ellilífeyrisþegum sem náð höfðu 67 ára aldri sem og örorku-lífeyrisþegum og makalífeyrisþegum. Ellilífeyrir sjóðfélaga á aldrinum 60 til 66 ára hækkaði á bilinu 6,9% til 10,3%. Allir lífeyrisþegar Gildis voru upplýstir um breytinguna með bréfi, en alls voru um 22.000 slík bréf send út um miðjan janúar.

Jarðhræringar á Reykjanesi


Jarðhræringar á Reykjanesskaga höfðu nokkur áhrif á starfsemi sjóðsins á árinu 2023. Um áhrif þeirra á eignasafn Gildis er fjallað sérstaklega í skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra í ársskýrslu. Mikil vinna var lögð í það af hálfu stjórnar og starfsmanna sjóðsins að tryggja ásættanlega niðurstöðu fyrir lántakendur sjóðsins í Grindavík sem gátu vegna jarðhræringanna ekki búið áfram í húsum sínum eftir að bærinn var rýmdur í nóvember. Mörg þessara húsa voru einnig skemmd eða jafnvel ónýt eftir jarðskjálfta og eldgos.

Gildi bauð lántakendum upp á frystingu afborgana af lánnum sínum á meðan önnur úrræði voru metin. Vinna við kortlagningu á stöðunni og samningaviðræður við stjórnvöld tóku nokkurn tíma. Sú skoðun miðaði að því að tryggja úrræði fyrir lántakendur sjóðsins án þess að það hefði óásættanleg áhrif gagnvart öðrum sjóðfélögum. Þann 8. febrúar 2024 var skrifað undir samkomulag við stjórnvöld um að ríkið greiddi vexti og verðbætur af sjóðfélagalánum. Þann 23. febrúar voru síðan samþykkt lög um kaup ríkisins á íbúðarhúsnæði í Grindavík í gegnum fasteignafélagið Þórkötlu og var aðkoma sjóðsins að því úrræði staðfest stuttu síðar.

Ársreikningur

Gildis lífeyrissjóðs

2023





Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Stjórnarháttayfirlýsing	7
Áritun óháðra endurskoðenda	14
Breyting á hreinni eign	18
Efnahagsreikningur	19
Sjóðstreymisyfirlit	20
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu	21
Yfirlit um breytingar á hreinni eign deilda	22
Efnahagsreikningur deilda	24
Sjóðstreymisyfirlit deilda	26
Breyting á hreinni eign séreignardeildar	28
Efnahagsreikningur séreignardeildar	30
Sjóðstreymisyfirlit séreignardeildar	32
Breyting á hreinni eign tilgreindrar séreignardeildar	34
Efnahagsreikningur tilgreindrar séreignardeildar	36
Sjóðstreymisyfirlit tilgreindrar séreignardeildar	38
Skýringar	40
Kennitölur	77
Selected Financial Information	83

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Eignir, ávöxtun og rekstrarkostnaður

Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir; samtryggingardeild, séreignardeild og tilgreinda séreignardeild. Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 983.183 m.kr. í árslok 2023 og hækkaði á árinu um 77.708 m.kr. Hrein eign séreignardeildar nam hins vegar 7.737 m.kr. í árslok 2023. Tilgreind séreignardeild var stofnuð 1. júlí 2017 og nam hrein eign hennar í lok ársins 2023 samtals 972 m.kr. Innan tilgreindrar séreignardeildar eru þrjár ávöxtunarleiðir sem eru þær sömu og í séreignardeild sjóðsins.

Hrein nafn- og raunávöxtun

	Hrein nafnávöxtun	Hrein raunávöxtun
Samtryggingardeild	6,7%	-1,2%
Framtíðarsýn 1	5,7%	-2,1%
Framtíðarsýn 2	5,3%	-2,5%
Framtíðarsýn 3	8,2%	0,2%

Rekstrarkostnaður sjóðsins 2023 nam samtals 1.410 m.kr. en var 1.325 m.kr. á árinu 2022. Heildarlaunagreiðslur námu 877 m.kr. en þar af námu laun stjórnar, endurskoðunarnefndar og framkvæmdastjóra 69,6 m.kr. Starfsmenn sjóðsins voru 46 í árslok 2023 og tók fjöldinn ekki breytingum á árinu. Stöðugildi voru 44,7 á árinu 2023 en 42,4 á árinu 2022 og fjölgaði því um 2,3 milli ára.

Ráðning nýs framkvæmdastjóra

Um áramótin urðu þær breytingar hjá Gildi að Davíð Rúdólfsson tók við stöðu framkvæmdastjóra í stað Árna Guðmundssonar sem verið hafði framkvæmdastjóri sjóðsins og fyrirrennara hans í rúmlega 41 ár. Davíð hefur starfað hjá Gildi frá árinu 2008, þar af sem forstöðumaður eignastýringar frá árinu 2010 og sem staðgengill framkvæmdastjóra frá árinu 2016.

Iðgjöld, fjöldi sjóðfélaga og launagreiðenda

Á árinu 2023 greiddu 7.940 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins fyrir 59.070 sjóðfélaga. Iðgjaldagreiðslur námu samtals 47.726 millj. kr. Sjóðfélagar með réttindi í samtryggingardeild voru 271.352 í árslok og réttihafar í séreignardeild sjóðsins 37.651. Þar af áttu 955 sjóðfélagar réttindi í tilgreindri séreign.

Lífeyrisgreiðslur og fjöldi lífeyrisþega

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu alls 30.472 m.kr., en voru 23.742 m.kr. árið 2022. Ellilífeyrir nam 20.573 m.kr., örorkulífeyrir 8.240 m.kr., makalífeyrir 1.466 m.kr. og barnalífeyrir 194 m.kr. Hjá samtryggingardeild voru ellilífeyrisþegar 18.815, örorkulífeyrisþegar 6.873, makalífeyrisþegar 2.048 og 1.044 fengu greiddan barnalífeyri. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 28.780.

Örorkulífeyrir - örorkuframlag

Örorkulífeyrisgreiðslur eru sem fyrr hátt hlutfall lífeyrisgreiðslna sjóðsins og með því hæsta sem þekkt hjá íslenskum lífeyrissjóðum. Til þess að jafna stöðu lífeyrissjóða vegna mismunandi örorkubyrði hafa lífeyrissjóðir fengið framlagi úthlutað frá ríkinu sem greiðist af tryggingagjaldi. Framlagið nam 2.682 m.kr. á árinu 2023 og nýtti Gildi það eins og síðustu ár til þess að hækka lífeyrisgreiðslur lífeyrisþega og iðgjöld sjóðfélaga um 4%.

Nú liggur fyrir að örorkuframlagið dugar ekki til að standa undir 4% hækkun og í samræmi við tillögu tryggingafræðings sjóðsins samþykkti ársfundur 2023 að framlagið verði nýtt til þess að hækka iðgjöld um 3,6% og lífeyrisgreiðslur um 3%. Ný útfærsla tók gildi í ársbyrjun 2024.

Tryggingafræðileg úttekt

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu samtryggingardeildar sjóðsins miðað við árslok 2023. Heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 79.410 m.kr. eða um 4,3%, en var neikvæð um 3,9% í árslok 2022. Veikingu tryggingafræðilegrar stöðu á árinu 2023 má að mestu rekja til neikvæðrar raunávöxtunar eigna og hækkunar áfallinna skuldbindinga vegna 8,0% hækkunar vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Eins og áður er reiknað með sértæku álagi á dánarlíkur út frá staðalforsendum, nú aðlöguðu miðað við reynslu sjóðfélaga Gildis á árunum 2018–2022. Þá er einnig miðað við sértækar örorkulíkur fyrir sjóðinn miðað við reynslu frá árunum 2011–2016. Sjá nánar í skýringu nr. 16 um lífeyrisskuldbindingar og í yfirliti um tryggingafræðilega stöðu á bls. 57 í ársreikningnum.

Breytingar á réttindum sjóðfélaga og hugsanleg óvissa um lögmæti þeirra

Breytingar á réttindum sjóðfélaga, sem samþykktar voru á ársfundi 2022, tóku gildi frá og með 1. janúar 2023. Breytingarnar fólu í sér mismikla hækkun réttinda eftir árgöngum. Breytingar voru gerðar á sambærilegum forsendum hjá nokkrum lífeyrissjóðum, þó breytingarnar hafi verið útfærðar með mismunandi hætti eftir tryggingafræðilegri stöðu hvers lífeyrissjóðs fyrir sig. Sjóðfélagi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna höfðaði dómsmál vegna þessa og féll héraðsdómur í málinu á síðastliðnu ári þar sem breytingarnar voru dæmdar ólögmætar. Því máli hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar og von er á dómi á árinu 2024.

Með hliðsjón af forsendum héraðsdómsins er óljóst hvort að dómsmálið teljist fordæmisgefandi fyrir Gildi og þá að hve miklu leyti. Ástæðan er m.a. sú að breytingar sem gerðar voru hjá Gildi leiddu ekki til skerðingar á réttindum sjóðfélaga líkt og átti við í einhverjum tilfellum hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna.

Sjóðfélagalán

Árið 2023 veitti sjóðurinn alls 1.451 ný sjóðfélagalán að fjárhæð 37.885 m.kr. en árið áður voru veitt 974 lán að fjárhæð 22.564 m.kr. Nettó aukning á árinu 2023 að teknu tilliti til uppgreiðslna nam 21.001 m.kr. samanborið við 9.396 m.kr. nettó aukningu á árinu 2022. Talsverðar breytingar urðu á lánaþjórum sjóðsins á árinu 2023 þar sem vextir á Íslandi fóru almennt hækkandi. Þar höfðu hækkunar á stýrivöxtum Seðlabanka Íslands meðal annars áhrif.

Erlendar fjárfestingar

Stefna Gildis og hluti af áhættustýringu sjóðsins er að eiga vel dreift eignasafn sem ekki byggir eingöngu á íslenska hagkerfinu. Fjárfestingareignir sjóðsins í erlendri mynt námu 343.903 m.kr. í árslok 2023 og jukust um 43.408 m.kr. frá fyrra ári. Sjóðurinn keypti erlend verðbréf fyrir 34.981 m.kr. umfram þau sem hann seldi á árinu 2023. Samhliða verðhækkunum á erlendum mörkuðum á árinu 2023 hækkaði hlutfall fjárfestingareigna sjóðsins í erlendri mynt úr 33,9% í ársbyrjun í 35,3% í árslok.

Gildi hefur sett sér markmið um frekari fjárfestingar erlendis á komandi árum, með áherslu á að auka við fjölbreytni í eignadreifingu innan erlendra eignaflokka. Með því móti er jafnframt dregið úr samþjöppun áhættu varðandi innlendar eignir. Á árinu 2023 voru samþykkt lög sem auka heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga erlendis í skrefum úr 50% í 65% árið 2036.

Í fjárfestingarstefnu setur sjóðurinn sér markmið um hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðlum. Markmið sjóðsins fyrir samtryggingardeild gerir ráð fyrir að vægi eigna í erlendri mynt verði aukið í 37% á árinu 2024. Á sama tíma er markmið um vægi erlendra eigna séreignarleidda sjóðsins heldur lægra eða 26% hjá Framtíðarsýn 1, 18% hjá Framtíðarsýn 2 og 0% hjá Framtíðarsýn 3.

Skuldabréf ÍL-sjóðs

Þann 20. október 2022 tilkynnti fjármála- og efnahagsráðherra um mögulegar aðgerðir vegna stöðu ÍL-sjóðs (áður Íbúðalánasjóðs) og óskaði eftir viðræðum við eigendur HFF-skuldabréfa um uppgjör sem miðast við höfuðstól og áfallna vexti og verðbætur. Í framhaldi af tilkynningunni hækkaði ávöxtunarkrafa á markaði og virði bréfa í eigu sjóðsins lækkaði að meðaltali um 13,4%. Gildi og aðrir lífeyrissjóðir höfnuðu viðræðum við ríkið um uppgjör nema að þær miðuðust við fullar efnir samkvæmt skilmálum skuldabréfanna.

Hinn 12. október 2023, að undangenginni birtingu áformaskjals sem athugasemdir voru gerðar við af hálfu sjóðsins, birti fjármála- og efnahagsráðuneytið drög að frumvarpi til laga um slit ógjaldfærra opinberra aðila. Sameiginlegri umsögn flestra lífeyrissjóða landsins, þ.á m. Gildis, var komið á framfæri við stjórnvöld af því tilefni þar sem gerðar voru athugasemdir við drögin að frumvarpinu. Þrátt fyrir athugasemdir lífeyrissjóða auk fleiri aðila lagði fjármála- og efnahagsráðherra fram frumvarp til laga um slit ógjaldfærra opinberra aðila hinn 14. febrúar 2024.

Þann 23. febrúar 2024 ákváðu fulltrúar 18 lífeyrissjóða, þar á meðal Gildis, og fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ÍL-sjóðs og íslenska ríkisins, að hefja viðræður um uppgjör á skuldabréfum sjóðsins. Markmið viðræðnanna af hálfu sjóðsins er að ná samkomulagi sem felur í sér að skuldabréfin verði gerð upp að fullu í samræmi við upphafleg markmið og að skilyrði verði sköpuð fyrir slitum ÍL-sjóðs.

Hluthafastefna

Stjórn Gildis hefur áfram fylgt eftir áherslum í hluthafastefnu sjóðsins sem samþykkt var í ársbyrjun 2015 og uppfærð haustið 2018. Hluthafastefnan markar stefnu og stjórnarhætti Gildis-lífeyrissjóðs sem eiganda í þeim félögum sem hann fjárfestir í. Stjórn sjóðsins vill sem eigandi og fjárfestir á markaði stuðla að auknu gagnsæi. Markmiðið er meðal annars að beita sér sem eigandi í félögum þar sem sjóðurinn er hluthafi í þeim tilgangi að stuðla að langtímahagsmunum og sjálfbærni félaganna auk ábyrgra stjórnarháttanna.

Sjóðurinn hefur með markvissum hætti komið áherslum sínum á framfæri við þau félög sem falla undir hluthafastefnu sjóðsins. Sjóðurinn birti í byrjun árs 2024 í fyrsta sinn á vef sínum ítarlega skýrslu um framkvæmd hluthafastefnu á árinu 2023. Þá birtir Gildi yfirlit á heimasíðu yfir það hvernig sjóðurinn beitir atkvæðisrétti sínum á aðalfundum hlutafélaga og hefur sá háttur verið hafður á frá árinu 2016.

Jarðhræingar á Reykjanesskaga

Jarðhræingar á Reykjanesskaga héldu áfram á árinu 2023 sem einkenndust m.a. af tíðum jarðskjálftum fram eftir ári. Hinn 10. nóvember dró til tíðinda þegar neyðarstigi var lýst yfir í Grindavík og bærinn rýmdur sökum hugsanlegs kvikugangs undir bænum. Jarðhræingar héldu áfram á svæðinu sem leiddu að lokum til eldgosa frá 18. til 21. desember 2023, 14. til 16. janúar 2024 og 8. til 9. febrúar 2024. Þá hófst enn annað eldgos þann 16. mars sem stendur ennþá yfir við frágang á ársreikningi sjóðsins. Jarðhræingarnar hafa valdið miklum skemmdum á bæði húsnæði og innviðum sem hefur haft áhrif á eignasafn sjóðsins á svæðinu. Sjóðurinn er með veð í 47 fasteignum í Grindavík vegna sjóðfélagalána en einnig hefur þessi þróun mála á svæðinu m.a. áhrif á eignarhluti sjóðsins í félögum Jarðvarma slhf. (HS Orka), Blávarma slhf. (Bláa Lónið) og HSV eignarhaldsfélagi slhf. (HS Veitur). Þá hafa jarðhræingarnar einnig haft óbein áhrif á aðrar eignir sjóðsins, svo sem Icelandair hf. og Síldarvinnsluna hf.

Stefna um ábyrgar fjárfestingar

Gildi hefur markað sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Með ábyrgum fjárfestingum er átt við að litið sé til umhverfismála, félagslegra málefna og stjórnarháttanna í fjárfestingum. Gildi leggur sérstaka áherslu á stjórnarhætti og fjallar hluthafastefna sjóðsins um það hvernig sjóðurinn beitir sér sem eigandi í því samhengi á innlendum hlutabréfamarkaði þar sem sjóðurinn er oft á tíðum meðal stærstu hluthafa. Nánar er fjallað um stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar í viðauka við skýrslu stjórnar.

Stjórnarhættir

Í samræmi við 51. gr. reglna um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015 birtir sjóðurinn yfirlýsingu um stjórnarhætti sína. Upplýsingarnar eru settar fram í viðauka við skýrslu stjórnar og teljast hluti hennar.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í samræmi við lög um ársreikninga birtir sjóðurinn ófjárhagslegar upplýsingar. Upplýsingarnar eru settar fram í viðauka við skýrslu stjórnar og teljast hluti hennar. Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík 21. mars 2024

Í stjórn sjóðsins

Björgvin Jón Bjarnason
Stefán Ólafsson
Árni Bjarnason
Bjarnheiður Hallsdóttir
Freyja Önundardóttir
Gundega Jaunlinina
Perla Ösp Ásgeirsdóttir
Sverrir Sverrisson

Framkvæmdastjóri

Davíð Rúdólfsson

Viðauki

Stjórnháttayfirlýsing Gildis-lífeyrissjóðs


Stjórn

Gildi-lífeyrissjóður starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samkvæmt reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna og á grundvelli samþykktu sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur sett ýmsar reglur sem um starfsemina gilda. Samþykktir sjóðsins auk annarra upplýsinga er varða skipulag hans eru aðgengilegar á vef sjóðsins, www.gildi.is. Þar má jafnframt nálgast frekari upplýsingar um þá einstaklinga sem sitja í stjórn sjóðsins.

Yfirlit yfir lög, reglugerðir og aðrar reglur og tilmæli sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða er m.a. að finna á vef Fjármálaeftirlitsins.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins.

Skipulag sjóðsins kemur fram í skipuriti



Grundvöllur sjóðsins og hlutverk

Stjórn Gildis er skipuð átta einstaklingum. Fjórir skulu kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi ásamt tveimur varamönnum en fjórir eru skipaðir af stjórn Samtaka atvinnulífsins ásamt tveimur varamönnum. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra. Gæta skal að ákvæðum laga um kynjahlutföll við skipan stjórnar. Ekki er starfrækt tilnefningarnefnd á vegum lífeyrissjóðsins en valnefndir eru hins vegar starfræktar af aðildarsamtökum launamanna og Samtökum atvinnulífsins. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Þó skulu fulltrúar atvinnurekenda og stéttarfélaganna hafa á hendi formennsku til skiptis í eitt ár í senn. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur, heldur gerðabók og ritar í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þurfa fimm stjórnarmenn að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn í þeirra stað.

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi hans.

Stjórn sinnir meðal annars eftirfarandi verkefnum:

- Ræður framkvæmdastjóra sem sinnir daglegum rekstri.
- Mótar innra eftirlit sjóðsins og skjalfestir eftirlitsferla, ræður forstöðumann endurskoðunardeildar eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila um innri endurskoðun.
- Skipar endurskoðunarnefnd sem hefur eftirlit með reikningshaldi, áhættustýringu og gerð ársreiknings sjóðsins í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga.
- Mótar fjárfestingar- og áhættustefnu sjóðsins, ber ábyrgð á framkvæmd og er virkur þátttakandi í árlegu eigin áhættumati á starfsemi sjóðsins.
- Setur reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinnslu og ráðstöfun eigna sjóðsins.
- Setur verklagsreglur um verðbréfavíðskipti sjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna. Setur sjóðnum hluthafastefnu sem gildir um fjárfestingar í félögum sem hann á verulegan eignarhlut í auk samskipta- og siðareglna.

Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum. Stjórnin framkvæmir reglulega árangursmat á störfum sínum, verklagi og starfsháttum ásamt skilvirkni undirnefnda með aðstoð utanaðkomandi aðila eftir því sem við á. Árangursmat felur í sér að stjórnin leggji mat á styrkleika og veikleika í störfum og verklagi og hugi að þeim atriðum sem hún telur að megi betur fara. Jafnframt er þekking og reynsla stjórnarmanna kortlögð og lagt mat á hvernig samsetning stjórnar fellur að þörfum sjóðsins.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd er skipuð af stjórn samkvæmt framansögðu. Hún er skipuð þremur einstaklingum og er gert ráð fyrir því að a.m.k. einn nefndarmaður sé utanaðkomandi aðili (þ.e. sitji ekki í stjórn). Hlutverk hennar samkvæmt erindisbréfi er að sinna tilteknum verkefnum fyrir stjórn sem snúa að eftirlitshlutverki stjórnarinnar.

Verkefni endurskoðunarnefndar eru m.a. eftirfarandi:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðunar og áhættustýringar.
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings.
- Setja fram tillögu til stjórnar um val á ytri endurskoðendum og koma að ráðningu innri endurskoðanda.
- Mat á óhæði ytri endurskoðenda og eftirlit með öðrum störfum þeirra.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreiknings.

Nefnd um laun stjórnarmanna

Ársfundur kys þrjá fulltrúa í nefnd um laun stjórnarmanna en til viðbótar situr í henni stjórnarformaður sjóðsins. Verkefni nefndarinnar er að undirbúa og leggja fram tillögu til ársfundar um laun stjórnar fyrir komandi ár.

Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins í samræmi við mótaða stefnu og ákvarðanir stjórnar, þar á meðal eru eftirfarandi verkefni:

- Ráða starfsmenn sjóðsins.
- Bera ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur.
- Bera ábyrgð á að þeirri fjárfestingarstefnu, áhættustefnu og þeim útlánareglum sem stjórn setur sé fylgt.

Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar skal framkvæmdastjóri aðeins taka á grundvelli sérstakrar ákvörðunar stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Allar meiri háttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningsskilum skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn og að fengnu samþykki hennar.

Sé ekki unnt að bera meiri háttar ákvarðanir undir stjórnarfund skal haft samráð við formann og varaformann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum.

Helstu þættir innra eftirlits og áhættustýringar

Áhættustefna Gildis er sett af stjórn sjóðsins og skilgreindir áhættuvilja og áhættuþol sjóðsins og hvernig skuli greina, meta, vakta og stýra áhættu innan hans. Áhættustýringarstefna er einnig sett af stjórn sjóðsins, að fenginni tillögu forstöðumanns áhættueftirlits, sem fjallar um framkvæmd áhættustýringar sjóðsins á grundvelli áhættustefnu.

Áhættuvilji Gildis er varðar fjárhagsáhættu er skilgreindur í fjárfestingarstefnu og vikmörkum hennar fyrir samtryggingardeild og séreignarleiðir sjóðsins. Markmiðið er ávallt að ávaxta fé sjóðfélaga með hliðsjón af hagfelldustu kjörum sem í boði eru á hverjum tíma að teknu tilliti til áhættu. Markar það vilja sjóðsins til eignadreifingar og samsetningar markaðs- og mótaðilaáhættu niður á einstaka eignaflokka hverju sinni. Við mótun fjárfestingarstefnu eru skoðaðir þættir eins og lífeyrisbyrði, tryggingafræðileg staða, aldursdreifing sjóðfélaga og réttthafa, framtíðargreiðslufæði, núverandi eignasamsetning, aðstæður á mörkuðum, áhættumælikvarðar og áhættuþol sjóðsins. Áhættuvilji sjóðsins er varðar lausafjáraáhættu er skilgreindur með viðeigandi viðmiði um hlutfall auðseljanlegra eigna, í samtryggingardeild og séreignarleiðum. Áhættuvilji sjóðsins er varðar rekstraráhættu er skilgreindur þannig að koma eigi í veg fyrir þá áhættu sem ógnar getu sjóðsins til að ná aðalmarkmiði sínu, sem er að taka við iðgjöldum, varðveita og ávaxta eignir til að hámarka lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga og greiða út lífeyri.

Áhættuþol samtryggingardeildar og séreignarleiða sjóðsins felst í settum viðmiðum um hlutföll einstakra eignaflokka og öðrum eignatakmarkunum í fjárfestingarstefnu sjóðsins. Ef sjóðurinn nálgast sett vikmörk eða viðmið gæti þurft að grípa til sérstakra aðgerða til að forðast að frávik verði, m.a. með breytingum á eignasafni. Þessu til viðbótar tekur langtímaáhættuþol samtryggingardeildar mið af tryggingafræðilegri stöðu deildarinnar hverju sinni. Samkvæmt lögum ber sjóðnum að grípa til sérstakra aðgerða ef tryggingafræðileg athugun leiðir í ljós meiri en 10% mun á milli eignaliða og skuldbindinga eða ef munur hefur haldist meiri en 5% í samfellt fimm ár, sbr. 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997.

Eignastýring Gildis hefur það hlutverk á grundvelli fjárfestingarstefnu sjóðsins að stýra fjárhagslegri áhættu sjóðsins, m.a. með ákvörðunum um kaup og sölu verðbréfa, í samráði við framkvæmdastjóra og stjórn sjóðsins eins og við á hverju sinni. Stjórn sjóðsins setur fjárfestingarstefnu fyrir sjóðinn. Í fjárfestingarstefnu eru meðal annars:

- Sett markmið um ávöxtun og áhættu heildarsafns, leyfilega eignaflokka, viðmiðunarhlutföll og viktörk eignaflokka og viðmið hvað varðar ávöxtun og áhættu eignaflokka.
- Skilgreind helstu viðmið og skorður sem unnið er út frá í fjárhagslegri áhættustýringu sjóðsins og skýrslugjöf.

Áhættustefnan og áhættustýringarstefnan ná yfir starfsemi Gildis, bæði hvað varðar fjárhagslega áhættu og rekstraráhættu. Fjárhagsleg áhætta er tengd fjárfestingarstarfsemi sjóðsins, þróun eigna og skuldbindinga auk sjóðstreymis. Rekstraráhætta er áhætta tengd innri starfsemi hans, m.a. varðandi starfsmenn, verkferla og upplýsingakerfi, og ytri atburðum í rekstrarumhverfi sjóðsins. Í skipulagi sjóðsins er sérstakt starfssvið sem kallast áhættueftirlit. Áhættueftirlit tekur virkan þátt í mótun áhættustefnu sjóðsins og hefur aðkomu að viðameiri ákvörðunum um áhættustýringu. Forstöðumaður áhættueftirlits ber ábyrgð á greiningu, mælingu og skýrslugjöf um áhættu og leggur milliliðalaust fram skýrslur til stjórnar um niðurstöður sínar. Áhættueftirlit sinnir m.a.:

- Eftirliti er varðar fjárhags- og rekstrarlega áhættu, m.a. daglegu eftirliti með fylgni sjóðsins við fjárfestingarstefnu og fjárfestingarheimildir.
- Áhættumælingum á eignasafni sjóðsins, skráningu frávíka og eftirfylgni með þeim.
- Aðstoð við stjórn og stjórnendur við þróun og viðhald á skilvirku eftirlitskerfi sjóðsins.

Tilkynningar um frávik og eftirfylgni

Frávik frá settum viðmiðum fjárfestingar-, áhættu- og áhættustýringarstefnu eða fjárfestingarheimildum, og önnur tilvik sem teljast frávik, skal forstöðumaður áhættueftirlits tafarlaust tilkynna viðeigandi aðilum innan sjóðsins sem og Fjármálaeftirlitinu hið fyrsta. Framkvæmdastjóri og aðrir aðilar er sinna áhættueftirliti og áhættustýringu Gildis upplýsa stjórn og viðeigandi aðila innan sjóðsins reglulega um árangur og áhættu starfseminnar og ákvarðanir er varða áhættueftirlit og áhættustýringu.

- Endurskoðunarnefnd metur skilvirkni og fyrirkomulag áhættustýringar.
- Innri endurskoðandi kannar árlega hvort starfsemi sjóðsins sé í samræmi við áhættustefnu og áhættustýringarstefnu.

Til þess að tryggja að reikningsskil sjóðsins séu áreiðanleg og í samræmi við góða reikningsskilavenju er lögð áhersla á vel skilgreind ábyrgðarsvið og eðlilega aðgreiningu starfa ásamt reglulegri skýrslugjöf og gagnsæi í starfseminni. Regluleg skýrsluskil eru mikilvægur þáttur í eftirliti með lykilkáttum starfseminnar.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Samkvæmt 66. gr. d. í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga skal sjóðurinn láta fylgja í yfirliti með skýrslu stjórnar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif sjóðsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt skal gera grein fyrir stefnu sjóðsins í mannréttindamálum og hvernig sjóðurinn spornar við spillingar- og mútumálum.

Samfélagslegt hlutverk Gildis-lífeyrissjóðs er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins og lög og aðrar reglur sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða.

Samskipta- og siðareglur

Sjóðurinn hefur sett sér samskipta- og siðareglur sem m.a. varða það hvernig sjóðurinn spornar við spillingar- og mútumálum.

Hlutverk starfsmanna sjóðsins er að annast rekstur hans og þjónustu og samskipti við viðskiptavinum, opinbera aðila og aðra sem láta sig málefni sjóðsins varða. Framkvæmdastjóra og starfsfólki sjóðsins eru ljósar þær kröfur sem til þeirra eru gerðar og sú ábyrgð sem á þeim hvílir, bæði formlega samkvæmt samþykktum, lögum og reglum, samningum eða ákvörðunum og eins óformlega vegna væntinga sjóðfélaga, launagreiðenda og samfélagsins alls um ábyrga og árangursríka starfsemi sjóðsins.

Stjórn og starfsmenn sjóðsins þjóna greiðandi sjóðfélögum, lífeyrisþegum, launagreiðendum og lántakendum af trúmennsku og virðingu fyrir hlutverki sjóðsins. Lögð er áhersla á opið upplýsingaflæði en nauðsynlegan og eðlilegan trúnað og þagnarskyldu og enn fremur virðingu og sanngirni í framkomu, svörum og afgreiðslu mála. Upplýsingar eru ekki misnotaðar.

Samskipti við aðila á fjármagnsmarkaði byggja á virðingu fyrir samstarfsaðilum og viðleitni til að viðhalda og efla trúverðugleika sjóðsins. Starfsmenn eru vakandi gagnvart hugsanlegum hagsmunaárekstrum og bera virka ábyrgð á því að bregðast við hugsanlegu misferli eftir því sem við á.

Gjafir eru ekki þegnar né samþykkt greiðslna annarra á kostnaði vegna starfsmanna eða stjórnarmanna ef slíkt gefur tilefni til að draga trúverðugleika sjóðsins í efa eða gefur ástæðu til að ætla að það hafi áhrif á ákvarðanir stjórnar eða starfsmanna. Gjafir mega enga fjárhagslega þýðingu hafa fyrir viðtakanda og allar kostnaðargreiðslur, t.d. vegna funda eða kynninga, verða að vera viðeigandi, hóflegar og í eðlilegu samræmi við tilefni og góða viðskiptavenju.

Stefna um ábyrgar fjárfestingar

Megináhætta sjóðsins tengd umhverfismálum og félagslegum málefnum (þ.m.t. mannréttindum) er að fjárfest sé í fyrirtækjum sem ekki sinna lögboðinni og/ eða siðferðislegri skyldu sinni sem skapað getur tjón og valdið orðsporsáhættu fyrir sjóðinn. Gildi hefur sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Með ábyrgum fjárfestingum er átt við að litið sé til umhverfismála, félagslegra málefna (þ.m.t. mannréttinda) og stjórnarháttanna í fjárfestingum. Grunnildir sjóðsins á sviði umhverfismála og félagslegra málefna byggja á grunngildum íslenska ríkisins, sem meðal annars birtast í ákvæðum stjórnarskrár og almennra laga.

Markmið Gildis er að beita sér sem eigandi í þeim tilgangi að stuðla að langtímahagsmunum og sjálfbærni félaga sem fjárfest er í og ábyrgum stjórnarháttum. Gildi er hlutfallslega stór fagfjárfestir á íslenskum verðbréfamarkaði. Stærð sjóðsins á erlendum vettvangi er hlutfallslega lítil í samanburði við stærð fyrirtækja, sjóða og annarra fjárfesta á þeim mörkuðum. Gildi hefur af þessum sökum minni möguleika til þess að beita sér erlendis, nema í þeim tilfellum þegar stærð eignarhlutar gefur tilefni til þess. Sjóðurinn nær fram eignadreifingu erlendis með fjárfestingu í sjóðum en að jafnaði ekki í einstökum fyrirtækjum. Lögð er áhersla á innlendar fjárfestingar í stefnu um ábyrgar fjárfestingar auk þess sem áhersla er lögð á innlend fyrirtæki í hluthafastefnu sjóðsins.

Kallað er eftir því hvort eignastýringaraðilar (þ.m.t. erlendir) hafi sett sér stefnu í umhverfismálum og félagslegum málefnum áður en fjárfest er í sjóðum í þeirra stýringu. Slíkar stefnur eru þó ekki skilyrði fjárfestingar í viðkomandi sjóðum og því fer fram mat á grundvelli heildarmarkmiða sjóðsins í hvert sinn. Gildi lætur umhverfismál og félagsleg málefni sig varða og lætur til sín taka ef atvik koma upp á þessum sviðum, eins og nánar kemur fram í stefnu um ábyrgar fjárfestingar, með það að markmiði að hafa áhrif á viðhorf og stefnu þeirra félaga sem sjóðurinn fjárfestir í.

Verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna

Gildi hefur sett sér verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna. Reglunum er ætlað að tryggja vandaða starfshætti sem stuðla að trúverðugleika sjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna með því að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi lífeyrissjóðsins. Þannig er jafnframt dregið úr hættu á að þeir aðilar sem reglurnar taka til tengist einstökum úrlausnarefnum með þeim hætti að fyrir fram megi draga óhlutdrægni þeirra við meðferð og afgreiðslu einstakra mála í efa.

Ófjárhagslegir lykilmælikvarðar

Gildi hefur ákveðið að tileinka sér eftirfarandi ófjárhagslega lykilmælikvarða.

Launahlutfall

Mælir hlutfallið á milli launa framkvæmdastjóra og bæði miðgildi og meðaltal launa hjá Gildi

Launahlutfall	2023	2022
Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra á móti miðgildi launa	2,76:1	2,97:1
Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra á móti meðaltali launa	2,18:1	2,41:1

Samkvæmt starfskjarastefnu Gildis skulu föst laun og aðrar greiðslur til framkvæmdastjóra vera sambærileg við það sem gengur og gerist í starfsumhverfi sjóðsins og í samræmi við umsvif, ábyrgð og árangur í starfi.

Niðurstöður jafnlaunavottunar

Sjóðurinn hefur það viðmið að óútskýrður launamunur skuli vera innan við 2,5%.

Launamunur	2023	2022
Kynbundinn launamunur innan 2,5% viðmiðs	Já	Já

Starfsmannavelta

Mælir hlutfall starfsfólks sem segja skilið við Gildi á viðkomandi ári. Tekur til allra breytinga á störfum, hvort sem um er að ræða uppsagnir, starfslok vegna aldurs, tilfærslur í starfi eða andlát.

Starfsmannavelta	2023	2022
Hlutfall starfsfólks sem lætur af störfum	15,5%	14,6%

Kynjahlutfall

Mælir hlutfall kvenna og karla sem starfa hjá Gildi.

Hlutfall karla og kvenna	2023	2022
Hlutfall kvenna af heildarfjölda	61,0%	67,4%
Hlutfall karla af heildarfjölda	39,0%	32,6%

Aðgerðir gegn mismunum

Gildi hefur sett sér starfsmannastefnu sem varðar m.a. aðgerðir í þágu jafnréttis og gegn kynferðislegri áreitni.

Aðgerðir gegn mismunum	2023	2022
Hefur Gildi sett stefnu er varðar kynferðislega áreitni og/eða jafnrétti?	Já	Já

Kynjahlutföll í stjórn

Mælir hlutfall kvenna og karla í stjórn sjóðsins. Samkvæmt gr. 4.1. í samþykktum sjóðsins skal gæta að ákvæðum laga um kynjahlutföll við skipan stjórnar.

Kynjahlutfall í stjórn	2023	2022
Hlutfall kvenna í stjórn	50%	50%
Hlutfall karla í stjórn	50%	50%

Persónuvernd

Gildi hefur sett sér persónuverndarstefnu og hjá sjóðnum er starfandi persónuverndarfulltrúi.

Starfsmannamál

Gildi hlaut þann 16. desember 2019 vottun um að nýtt jafnlaunakerfi sjóðsins stæðist jafnlaunastaðalinn ÍST 85:2012 og hefur viðhaldið vottuninni síðan. Sjóðurinn setti sér jafnlaunastefnu í tengslum við innleiðingu á jafnlaunakerfinu þar sem áherslur sjóðsins í jafnlaunamálum eru raktar.

Með jafnlaunakerfinu er staðfestur vilji stjórnenda Gildis til að skapa starfsfólki jöfn tækifæri og heilbrigt, öruggt og hvetjandi vinnuumhverfi. Mismunur er ekki liðin á grundvelli kynferðis, kynþáttar, trúar, aldurs eða uppruna. Sjóðurinn líður ekki einelti, ofbeldi eða áreitni af nokkrum toga. Framangreind atriði eru áréttuð í starfsmannastefnu sjóðsins.

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga Gildis-lífeyrissjóðs

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Gildis-lífeyrissjóðs fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu og skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2023, efnahag hans 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Það er álit okkar að áritun okkar á ársreikningi Gildis-lífeyrissjóðs sé í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar Gildis-lífeyrissjóðs í samræmi við 11. gr. Reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Gildi-lífeyrissjóði í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Samkvæmt okkar bestu vissu, höfum við ekki veitt Gildi-lífeyrissjóði óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins árið 2023. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Megináherslur við endurskoðunina Óskráð verðbréf

Vísað er í skýringu nr. 2 á bls. 40 um grundvöll reikningsskila, skýringu nr. 11 á bls. 50 fyrir eignarhluti í félögum og sjóðum og skýringu nr. 12 um skuldabréf á bls. 55.

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru 542,5 ma.kr. í árslok 2023 eða 54,7% af heildareignum sjóðsins, af því eru 126,4 ma.kr. óskráðir. Skuldabréf eru 429,1 ma.kr. í árslok 2023 eða 43,2% af heildareignum sjóðsins, af því eru 0,3 ma.kr. óskráð.

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru færðir á gangvirði og er notast við ákveðna þrepaskiptingu gangvirðis við verðmat á þeim eignum. Verðmat á stigi 1 byggir á skráðu verði á virkum markaði, stig 2 byggir á verðlagningu á markaði fyrir samskonar eða sambærilegar eignir, beint eða óbeint, og stig 3 byggir á öðrum upplýsingum en markaðsupplýsingum, þ.e. almennt viðurkenndum matsaðferðum fyrir virði óskráðra eigna og byggir á mati stjórnenda.

Skuldabréf eru færð annað hvort á gangvirði eða á afskrifuðu kostnaðarverði. Við mat á gangvirði skuldabréfa er notast við sömu þrepaskiptingu og í eignarhlutum í félögum og sjóðum. Afskrifað kostnaðarverð miðar við ávöxtunarkröfu við kaup. Þar sem um er að ræða verulegan matskenndan lið teljum tilvist og virði óskráðra verðbréfa vera megináherslu við endurskoðun okkar.

Tryggingafræðileg staða

Vísað er í yfirlit um tryggingafræðilega stöðu á bls. 21 og skýringu nr. 16 á bls. 57 um lífeyrisskuldbindingar. Tryggingafræðileg staða í árslok er neikvæð um 4,3% og eru eignir sjóðsins 79,4 ma. kr. lægri en heildarskuldbinding í árslok.

Tryggingafræðileg staða segir til um getu sjóðsins til að standa við lífeyrisskuldbindingar sínar. Tryggingafræðileg staða sjóðsins felst í að reikna annars vegar áfallnar skuldbindingar miðað við áunninn rétt sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingar miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Útreikningurinn er framkvæmdur af óháðum tryggingastærðfræðingi og byggir að stórum hluta á matskenndum forsendum.

Þar sem um er að ræða verulegan matskenndan lið teljum við tryggingafræðilega stöðu vera megináherslu við endurskoðun okkar.

Hvernig við endurskoðum megináherslur

Við endurskoðun á óskráðum verðbréfum höfum við farið yfir það innra eftirlit sem er til staðar hjá sjóðnum við skráningu og mat verðbréfa. Við prófuðum viðeigandi eftirlitsþætti í fjárfestingaferli sjóðsins.

Við lögðum mat á aðferðafræðina og þær forsendur sem stjórnendur leggja til grundvallar á virðismati óskráðra verðbréfa og hvort aðferðin breyttist milli ára. Upplýsingarnar voru raktar til undirliggjandi gagna og útreikningar voru yfirfarnir.

Með úrtaksprófunum höfum við staðfest tilvist óskráðra bréfa og eignarhald sjóðsins á verðbréfunum. Einnig höfum við yfirfarið mat stjórnenda og þær forsendur sem notaðar eru við mat á óskráðum verðbréfum.

Við höfum farið yfir mat stjórnenda á niðurfærsluþörf óskráðra bréfa, þeim forsendum sem lágu til grundvallar og hvort niðurfærslan væri nægjanleg og viðeigandi.

Við höfum farið yfir hvort skýringar verðbréfa séu í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Við endurskoðun á tryggingafræðilegri stöðu höfum við farið yfir það innra eftirlit sem er til staðar hjá sjóðnum við yfirferð og mat á tryggingafræðilegri stöðu.

Við höfum farið yfir faglega hæfni og fengið staðfestingu á óháði tryggingastærðfræðingsins sem framkvæmdi útreikninginn á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins.

Við lögðum mat á aðferðafræðina og þær forsendur sem liggja til grundvallar á útreikningi á tryggingafræðilegri stöðu og hvort aðferðin breyttist milli ára. Upplýsingarnar voru raktar til undirliggjandi gagna og greiningaraðgerðir gerðar á stöðu sjóðsins milli ára.

Við höfum farið yfir hvort yfirlit og skýringar um tryggingafræðilega stöðu séu í samræmi við útreikning sjóðsins, lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Aðrar upplýsingar

Stjórnendur bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar, stjórnarháttayfirlýsingu og ófjárhagslega upplýsingagjöf í viðauka með ársreikningnum sem við fengum fyrir áritunardag og ársskýrslu Gildis-lífeyrissjóðs að undanskildum ársreikningnum og áritun okkar á hann, sem við gerum ráð fyrir að fá eftir áritunardag.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum sem við fengum fyrir áritunardag ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Gildis-lífeyrissjóðs. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það. Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun, framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina.

Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og, þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar. Jafnframt því að sinna skyldum okkar sem kjörnir endurskoðendur hefur Deloitte veitt Gildis-lífeyrissjóði aðra heimilaða þjónustu.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Deloitte ehf. var kjörið endurskoðandi Gildis-lífeyrissjóðs á aðalfundi sjóðsins þann 27. apríl 2023. Deloitte ehf. hefur verið endurskoðandi Gildis-lífeyrissjóðs síðan á aðalfundi sjóðsins 30. apríl 2014.

Reykjavík 21. mars 2024

Deloitte ehf.

Jóhann Óskar Haraldsson, endurskoðandi

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2023

	Skýr.	2023	2022
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		12.206.463	10.718.224
Iðgjöld launagreiðenda		32.998.633	29.097.627
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(160.950)	(111.492)
		45.044.146	39.704.359
Sérstök aukaframlög	3	2.682.103	2.238.413
		47.726.249	41.942.772
Lífeyrir			
Heildarfjárhæð lífeyris	4	(30.471.841)	(23.741.921)
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		(281.243)	(222.578)
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	5	(11.818)	(12.705)
		(30.764.902)	(23.977.205)
Hreinar fjárfestingartekjur			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	6	30.326.853	(34.937.081)
Hreinar tekjur af skuldabréfum	7	31.223.043	14.602.996
Hreinar tekjur af afleiðusamningum	8	0	(150.975)
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		142.499	124.486
Aðrar fjárfestingartekjur		0	2.753
Vaxtatekjur af handbæru fé		1.177.646	881.677
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		288.372	62.577
Fjárfestingargjöld		(68.869)	(70.393)
		63.089.543	(19.483.959)
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	10	(1.410.292)	(1.324.961)
		(1.410.292)	(1.324.961)
Önnur gjöld		0	3.353
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		78.640.598	(2.839.999)
Hrein eign frá fyrra ári		913.251.091	916.091.092
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		991.891.689	913.251.091

Efnahagsreikningur

31. desember 2023

	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
Fjárfestingar			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	11	542.174.272	495.574.408
Skuldabréf	12	429.099.266	389.530.660
Bundnar bankainnstæður		1.912.017	1.534.978
		973.185.555	886.640.046
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur		5.639.244	5.259.211
Fyrirframgreiddur kostnaður og áunnar tekjur		3.320.819	200.579
		8.960.062	5.459.791
Ýmsar eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	15	488.195	509.632
		488.195	509.632
Handbært fé			
		9.796.397	21.594.214
Eignir samtals			
		992.430.209	914.203.683
Viðskiptaskuldir			
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur	17	460.398	446.035
Aðrar skuldir	18	78.122	506.557
		538.520	952.592
Hrein eign til greiðslu lífeyris			
		991.891.690	913.251.091
Skuldbindingar utan efnahags			
	19		

Yfirlit um sjóðstreymi

ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Inngreiðslur			
Iðgjöld		44.222.452	41.555.789
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum		1.401.583	777.054
Aðrar inngreiðslur		0	21
		45.624.036	42.332.864
Útgreiðslur			
Lífeyrir		(30.725.835)	(23.941.752)
Rekstrarkostnaður		(1.395.567)	(1.141.267)
Fjárfesting í rekstrarfjármunum		(45.302)	(76.258)
Aðrar útgreiðslur		(2.363)	(1.976)
		(32.169.067)	(25.161.253)
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestingar		13.454.969	17.171.611
Fjárfestingarhreyfingar			
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum		5.239.931	5.725.656
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum		(68.003.482)	(74.518.485)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum		46.470.107	45.048.235
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa		53.644.407	45.047.343
Keypt skuldabréf		(84.755.124)	(56.552.650)
Seld skuldabréf		22.343.040	8.752.314
Ný bundin innlán		(256.709)	(221.310)
		(25.317.829)	(26.718.897)
Hækkun á handbæru fé		(11.862.860)	(9.547.287)
Gengismunur af handbæru fé		65.043	163.901
Handbært fé í upphafi árs		21.594.214	30.977.605
Handbært fé í lok árs		9.796.397	21.594.214

Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu ársins 2023

31.12.2023	Skýr.	Áfallin skuldbinding	Framtíðarskuldb.	Heildarskuldb.
Eignir	16			
Hrein eign til greiðslu lífeyris		983.182.712	0	983.182.712
Endurmat verðbréfa miðað við 3,5% vexti		21.834.830	0	21.834.830
Núvirði framtíðariðgjalda		0	758.959.788	758.959.788
Eignir samtals		1.005.017.542	758.959.788	1.763.977.331
Skuldbindingar				
Ellilífeyrir		853.564.991	582.569.687	1.436.134.678
Órorkulífeyrir		160.329.982	139.017.670	299.347.652
Makalífeyrir		44.426.786	20.844.578	65.271.364
Barnalífeyrir		798.664	8.594.041	9.392.705
Núvirði framtíðarrekrarkostnaðar		13.703.512	19.537.068	33.240.579
Skuldbindingar samtals		1.072.823.934	770.563.043	1.843.386.978
Eignir umfram skuldbindingar		(67.806.392)	(11.603.255)	(79.409.647)
Hlutfall af skuldbindingum í árslok		-6,3%	-1,5%	-4,3%
Hlutfall af skuldbindingum í ársbyrjun		-5,2%	-2,1%	-3,9%

31.12.2022	Skýr.	Áfallin skuldbinding	Framtíðarskuldb.	Heildarskuldb.
Eignir				
Hrein eign til greiðslu lífeyris		905.474.546	0	905.474.546
Endurmat verðbréfa miðað við 3,5% vexti		(2.865.139)	0	(2.865.139)
Núvirði framtíðariðgjalda		0	680.637.726	680.637.726
Eignir samtals		902.609.407	680.637.726	1.583.247.133
Skuldbindingar				
Ellilífeyrir		756.628.078	525.057.741	1.281.685.820
Órorkulífeyrir		142.266.907	125.443.300	267.710.207
Makalífeyrir		39.805.506	18.785.349	58.590.855
Barnalífeyrir		774.222	7.880.626	8.654.847
Núvirði framtíðarrekrarkostnaðar		12.288.222	17.759.932	30.048.153
Skuldbindingar samtals		951.762.935	694.926.948	1.646.689.883
Eignir umfram skuldbindingar		(49.153.528)	(14.289.222)	(63.442.750)
Hlutfall af skuldbindingum í árslok		-5,2%	-2,1%	-3,9%
Hlutfall af skuldbindingum í ársbyrjun		12,9%	-12,6%	1,4%

Yfirlit um breytingu á hreinni eign deilda til greiðslu lífeyris 2023

	Skýr.	Samtryggingardeild	
		2023	2022
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		11.828.132	10.416.239
Iðgjöld launagreiðenda		32.491.589	28.686.222
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		3.952	5.978
		44.323.672	39.108.439
Sérstök aukaframlög	3	2.682.103	2.238.413
		47.005.775	41.346.852
Lífeyrir			
Heildarfjárhæð lífeyris	4	(30.199.390)	(23.517.731)
Framlag til starfsendurhæfingsjóðs		(281.243)	(222.578)
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	5	(11.818)	(12.705)
		(30.492.450)	(23.753.014)
Hreinar fjárfestingartekjur			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	6	30.195.253	(34.716.061)
Hreinar tekjur af skuldabréfum	7	30.990.640	14.693.115
Hreinar tekjur af afleiðusamningum		0	(150.975)
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		0	0
Aðrar fjárfestingartekjur		0	2.753
Vaxtatekjur af handbæru fé		1.169.793	878.286
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		287.338	61.699
Fjárfestingargjöld		(68.869)	(70.094)
		62.574.155	(19.301.276)
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	10	(1.379.313)	(1.295.478)
		(1.379.313)	(1.295.478)
Önnur gjöld		0	3.353
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		77.708.166	(2.999.563)
Hrein eign frá fyrra ári		905.474.546	908.474.109
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		983.182.712	905.474.546

Séreignardeild		Tilgreind séreignardeild		Samtals	
2023	2022	2023	2022	2023	2022
378.331	301.985	0	0	12.206.463	10.718.224
333.402	246.607	173.642	164.798	32.998.633	29.097.627
(160.951)	(70.761)	(3.951)	(46.710)	(160.950)	(111.492)
550.783	477.831	169.691	118.089	45.044.146	39.704.359
0	0	0	0	2.682.103	2.238.413
550.783	477.831	169.691	118.089	47.726.249	41.942.772
(225.307)	(180.396)	(47.144)	(43.795)	(30.471.841)	(23.741.921)
0	0	0	0	(281.243)	(222.578)
0	0	0	0	(11.818)	(12.705)
(225.307)	(180.396)	(47.144)	(43.795)	(30.764.902)	(23.977.205)
114.180	(219.781)	17.421	(1.239)	30.326.853	(34.937.081)
196.626	(89.430)	35.777	(690)	31.223.043	14.602.996
0	0	0	0	0	(150.975)
85.858	71.367	56.641	53.119	142.499	124.486
0	0	0	0	0	2.753
6.614	3.359	1.239	32	1.177.646	881.677
672	652	361	225	288.372	62.577
0	(297)	0	(2)	(68.869)	(70.393)
403.949	(234.129)	111.439	51.445	63.089.543	(19.483.959)
(24.924)	(27.325)	(6.055)	(2.157)	(1.410.292)	(1.324.961)
(24.924)	(27.325)	(6.055)	(2.157)	(1.410.292)	(1.324.961)
0	0	0	0	0	3.353
704.500	35.982	227.932	123.582	78.640.598	(2.839.999)
7.032.702	6.996.721	743.844	620.262	913.251.091	916.091.092
7.737.202	7.032.703	971.775	743.844	991.891.689	913.251.091

Efnahagsreikningur

31. desember 2023

Eignir	Skýr.	Samtryggingardeild	
		2023	2022
Fjárfestingar			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	11	539.837.035	493.529.412
Skuldabréf	12	424.760.409	385.509.560
Bundnar bankainnstæður		0	0
		964.597.444	879.038.971
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur		5.591.412	5.229.630
Fyrirframgreiddur kostnaður og áunnar tekjur		3.319.834	200.579
		8.911.246	5.430.210
Ýmsar eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	15	488.195	509.632
		488.195	509.632
Handbært fé		9.724.346	21.448.324
Eignir samtals		983.721.232	906.427.138
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur	17	460.398	446.035
Aðrar skuldir	18	78.122	506.557
Skuldir samtals		538.520	952.592
Hrein eign til greiðslu lífeyris		983.182.712	905.474.546
Skuldbindingar utan efnahags	19		

Séreignardeild		Tilgreind séreignardeild		Samtals	
2023	2022	2023	2022	2023	2022
2.185.669	1.933.424	151.567	111.572	542.531.645	495.574.408
4.028.516	3.777.455	310.341	243.645	429.099.266	389.530.660
1.421.037	1.162.304	490.980	372.675	1.912.017	1.534.978
7.635.222	6.873.183	952.889	727.891	973.542.928	886.640.046
33.955	23.291	13.877	6.290	5.639.244	5.259.211
908	0	77	0	3.320.819	200.579
34.863	23.291	13.953	6.290	8.960.062	5.459.791
0	0	0	0	488.195	509.632
0	0	0	0	488.195	509.632
67.117	136.228	4.933	9.662	9.439.024	21.594.214
7.737.202	7.032.702	971.775	743.843	992.430.209	914.203.683
0	0	0	0	460.398	446.035
0	0	0	0	78.122	506.557
0	0	0	0	538.520	952.592
7.737.202	7.032.703	971.775	743.843	991.891.690	913.251.091

Sjóðstreymisyfirlit deilda

ársins 2023

Skýr.	Samtryggingardeild	
	2023	2022
Inngreiðslur		
Iðgjöld	43.524.738	40.956.284
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	1.392.193	776.019
Aðrar inngreiðslur	0	21
	44.916.932	41.732.324
Útgreiðslur		
Lífeyrir	(30.492.450)	(23.753.014)
Rekstrarkostnaður	(1.364.588)	(1.111.785)
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(45.302)	(76.258)
Aðrar útgreiðslur	(2.363)	(1.976)
	(31.904.704)	(24.943.033)
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga	13.012.228	16.789.290
Fjárfestingarhreyfingar		
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	5.224.979	5.696.925
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	(67.687.995)	(73.635.801)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	46.344.195	44.179.827
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa	53.133.325	44.752.426
Keypt skuldabréf	(83.640.296)	(55.709.949)
Seld skuldabréf	21.824.649	8.277.565
Ný bundin innlán	0	0
	(24.801.144)	(26.439.007)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(11.788.916)	(9.649.716)
Gengismunur af handbæru fé	64.938	163.966
Handbært fé í upphafi árs	21.448.324	30.934.074
Handbært fé í lok árs	9.724.346	21.448.324

Séreignardeild		Tilgreind séreignardeild		Samtals	
2023	2022	2023	2022	2023	2022
540.119	479.379	157.595	120.126	44.222.452	41.555.789
7.910	984	1.480	51	1.401.583	777.054
0	0	0	0	0	21
548.028	480.363	159.076	120.177	45.624.036	42.332.864
(186.240)	(144.943)	(47.144)	(43.795)	(30.725.835)	(23.941.752)
(24.924)	(27.325)	(6.055)	(2.157)	(1.395.567)	(1.141.267)
0	0	0	0	(45.302)	(76.258)
0	0	0	0	(2.363)	(1.976)
(211.164)	(172.268)	(53.199)	(45.952)	(32.169.067)	(25.161.253)
336.864	308.095	105.877	74.225	13.454.969	17.171.611
44.540	60.336	(29.588)	(31.605)	5.239.931	5.725.656
(286.981)	(834.174)	(28.507)	(48.511)	(68.003.482)	(74.518.485)
114.533	820.316	11.380	48.093	46.470.107	45.048.235
465.404	276.985	45.678	17.932	53.644.407	45.047.343
(1.016.161)	(791.854)	(98.667)	(50.848)	(84.755.124)	(56.552.650)
472.305	446.203	46.086	28.546	22.343.040	8.752.314
(199.697)	(190.858)	(57.012)	(30.452)	(256.709)	(221.310)
(406.056)	(213.046)	(110.629)	(66.845)	(25.317.829)	(26.718.897)
(69.192)	95.049	(4.753)	7.380	11.862.860	(9.547.287)
81	(66)	24	0	65.043	163.901
136.228	41.244	9.662	2.287	21.594.214	30.977.605
67.117	136.228	4.933	9.662	9.796.397	21.594.214

Yfirlit um breytingu á hreinni eign séreignardeildar til greiðslu lífeyris 2023

	Skýr.	Leið 1	
		2023	2022
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		133.761	112.912
Iðgjöld launagreiðenda		96.035	76.744
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(111.754)	(60.261)
		118.042	129.396
Lífeyrir			
Heildarfjárhæð lífeyris	24	(98.208)	(79.205)
		(98.208)	(79.205)
Hreinar fjárfestingartekjur			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	25	76.413	(135.922)
Hreinar tekjur af skuldabréfum	26	93.114	(42.899)
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		0	0
Vaxtatekjur af handbæru fé		2.897	1.226
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		313	287
Fjárfestingargjöld		0	(135)
		172.737	(177.443)
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(11.291)	(12.500)
		(11.291)	(12.500)
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		181.280	(139.753)
Hrein eign frá fyrra ári		2.963.681	3.103.433
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		3.144.961	2.963.681

Leið 2		Leið 3		Samtals	
2023	2022	2023	2022	2023	2022
155.810	118.461	88.760	70.612	378.331	301.985
130.027	94.848	107.341	75.015	333.402	246.607
(91.284)	(87.642)	42.086	77.143	(160.951)	(70.761)
194.553	125.666	238.187	222.770	550.783	477.831
(71.248)	(48.709)	(55.852)	(52.481)	(225.307)	(180.396)
(71.248)	(48.709)	(55.852)	(52.481)	(225.307)	(180.396)
37.767	(83.858)	0	0	114.180	(219.781)
103.512	(46.530)	0	0	196.626	(89.430)
0	0	85.858	71.367	85.858	71.367
3.717	2.133	0	0	6.614	3.359
359	365	0	0	672	652
0	(162)	0	0	0	(297)
145.354	(128.052)	85.858	71.367	403.949	(234.129)
(10.085)	(12.169)	(3.548)	(2.656)	(24.924)	(27.325)
(10.085)	(12.169)	(3.548)	(2.656)	(24.924)	(27.325)
258.575	(63.265)	264.645	239.000	704.500	35.982
2.898.238	2.961.504	1.170.782	931.784	7.032.702	6.996.721
3.156.813	2.898.239	1.435.428	1.170.783	7.737.202	7.032.702

Efnahagsreikningur séreignardeildar

31. desember 2023

Eignir	Skýr.	Leið 1	
		2023	2022
Fjárfestingar			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	28	1.368.050	1.209.585
Skuldabréf	29	1.734.689	1.711.409
Bundnar bankainnstæður	30	0	0
		3.102.739	2.920.994
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur		7.070	3.203
Fyrirframgreiddur kostnaður og áunnar tekjur		221	0
		7.292	3.203
Handbært fé		34.931	39.484
Eignir samtals		3.144.961	2.963.681
Hrein eign til greiðslu lífeyris		3.144.961	2.963.681

Leið 2		Leið 3		Samtals	
2023	2022	2023	2022	2023	2022
817.619	723.840	0	0	2.185.669	1.933.424
2.293.827	2.066.046	0	0	4.028.516	3.777.455
0	0	1.421.037	1.162.304	1.421.037	1.162.304
3.111.446	2.789.885	1.421.037	1.162.304	7.635.222	6.873.183
12.494	11.609	14.391	8.479	33.955	23.291
686	0	0	0	908	0
13.180	11.609	14.391	8.479	34.863	23.291
32.187	96.744	0	0	67.117	136.228
3.156.813	2.898.239	1.435.428	1.170.783	7.737.202	7.032.702
3.156.813	2.898.239	1.435.428	1.170.783	7.737.202	7.032.702

Yfirlit um sjóðstreymi séreignardeildar

ársins 2023

	Skýr.	Leið 1	
		2023	2022
Inngreiðslur			
Iðgjöld		114.175	133.116
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum		3.630	377
		117.805	133.493
Útgreiðslur			
Lífeyrir		(98.208)	(79.205)
Rekstrarkostnaður		(11.291)	(12.500)
		(109.499)	(91.705)
Nýtt ráðstöfunarfé til hjárfestingar		8.306	41.788
Fjárfestingarhreyfingar			
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum		37.278	30.184
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum		(171.974)	(512.373)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum		68.977	494.043
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa		216.976	123.791
Keypt skuldabréf		(354.164)	(364.505)
Seld skuldabréf		189.967	208.104
Ný bundin innlán		0	0
		(12.940)	(20.756)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(4.634)	21.032
Gengismunur af handbæru fé		81	(37)
Handbært fé í upphafi árs		39.484	18.489
Handbært fé í lok árs		34.931	39.484

Leið 2		Leið 3		Samtals	
2023	2022	2023	2022	2023	2022
193.668	124.055	232.275	222.208	540.119	479.379
4.137	432	144	176	7.910	984
197.805	124.487	232.419	222.384	548.028	480.363
(58.858)	(36.868)	(29.174)	(28.870)	(186.240)	(144.943)
(10.085)	(12.169)	(3.548)	(2.656)	(24.924)	(27.325)
(68.943)	(49.037)	(32.722)	(31.526)	(211.164)	(172.268)
128.862	75.450	199.697	190.858	336.864	308.095
7.262	30.152	0	0	44.540	60.336
(115.007)	(321.801)	0	0	(286.981)	(834.174)
45.555	326.273	0	0	114.533	820.316
248.428	153.194	0	0	465.404	276.985
(661.996)	(427.349)	0	0	(1.016.161)	(791.854)
282.338	238.099	0	0	472.305	446.203
0	0	(199.697)	(190.858)	(199.697)	(190.858)
(193.419)	(1.432)	(199.697)	(190.858)	(406.056)	(213.046)
(64.557)	74.018	0	0	(69.192)	95.049
	(29)	0	0	81	(66)
96.744	22.755	0	0	136.228	41.244
32.187	96.744	0	0	67.117	136.228

Yfirlit um breytingu á hreinni eign tilgreindrar séreignardeildar til greiðslu lífeyris 2023

	Skýr.	Leið 1	
		2023	2022
Iðgjöld			
Iðgjöld launagreiðenda		37.876	33.550
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(107)	(17.107)
		37.770	16.443
Lífeyrir			
Heildarfjárhæð lífeyris	31	(8.077)	(8.342)
		(8.077)	(8.342)
Hreinar fjárfestingartekjur			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	32	7.863	11
Hreinar tekjur af skuldabréfum	33	9.582	4
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		0	0
Vaxtatekjur af handbæru fé		298	(0)
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		32	(0)
Fjárfestingargjöld		0	0
		17.776	15
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(1.162)	1
		(1.162)	1
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		46.307	8.117
Hrein eign frá fyrra ári		128.643	120.526
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		174.950	128.643

Leið 2		Leið 3		Samtals	
2023	2022	2023	2022	2023	2022
45.936	55.031	89.830	76.218	173.642	164.798
(5.771)	(13.934)	1.926	(15.669)	(3.951)	(46.710)
40.165	41.097	91.756	60.549	169.691	118.089
(12.389)	(11.842)	(26.678)	(23.611)	(47.144)	(43.795)
(12.389)	(11.842)	(26.678)	(23.611)	(47.144)	(43.795)
9.557	(1.250)	0	0	17.421	(1.239)
26.195	(694)	0	0	35.777	(690)
0	0	56.641	53.119	56.641	53.119
941	32	0	0	1.239	32
91	5	238	220	361	225
0	(2)	0	0	0	(2)
36.784	(1.909)	56.879	53.339	111.439	51.445
(2.552)	(181)	(2.341)	(1.977)	(6.055)	(2.157)
(2.552)	(181)	(2.341)	(1.977)	(6.055)	(2.157)
62.008	27.165	119.617	88.300	227.932	123.582
238.017	210.852	377.184	288.884	743.844	620.262
300.025	238.017	496.801	377.184	971.775	743.844

Efnahagsreikningur tilgreindrar séreignardeildar

31. desember 2023

Eignir	Skýr.	Leið 1	
		2023	2022
Fjárfestingar			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	35	74.719	51.975
Skuldabréf	36	94.744	73.538
Bundnar bankainnstæður	37	0	0
		169.463	125.512
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur		3.567	1.434
Fyrirframgreiddur kostnaður og áunnar tekjur		12	0
		3.579	1.434
Handbært fé		1.908	1.697
Eignir samtals		174.950	128.643
Hrein eign til greiðslu lífeyris		174.950	128.643

Leið 2		Leið 3		Samtals	
2023	2022	2023	2022	2023	2022
76.848	59.597	0	0	151.567	111.572
215.598	170.107	0	0	310.341	243.645
0	0	490.980	372.675	490.980	372.675
292.446	229.704	490.980	372.675	952.889	727.891
4.489	347	5.820	4.509	13.877	6.290
65	0	0	0	77	0
4.554	347	5.820	4.509	13.953	6.290
3.025	7.965	0	0	4.933	9.662
300.025	238.017	496.801	377.184	971.775	743.843
300.025	238.017	496.801	377.184	971.775	743.843

Yfirlit um sjóðstreymi tilgreindrar séreignardeildar ársins 2023

Skýr.	Leið 1	
	2023	2022
Inngreiðslur		
Iðgjöld	35.637	18.161
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	339	17
	35.975	18.178
Útgreiðslur		
Lífeyrir	(8.077)	(8.342)
Rekstrarkostnaður	(1.162)	1
	(9.239)	(8.341)
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga	26.737	9.837
Fjárfestingarhreyfingar		
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	(21.366)	(6.651)
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	(17.697)	(22.016)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	7.098	21.229
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa	22.328	5.319
Keypt skuldabréf	(36.446)	(15.662)
Seld skuldabréf	19.549	8.942
Ný bundin innlán	0	0
	(26.534)	(8.839)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	203	998
Gengismunur af handbæru fé	8	(2)
Handbært fé í upphafi árs	1.697	701
Handbært fé í lok árs	1.908	1.697

Leið 2		Leið 3		Samtals	
2023	2022	2023	2022	2023	2022
36.023	45.925	85.936	56.040	157.595	120.126
1.047	34	95	0	1.480	51
37.070	45.959	86.031	56.040	159.076	120.177
(12.389)	(11.842)	(26.678)	(23.611)	(47.144)	(43.795)
(2.552)	(181)	(2.341)	(1.977)	(6.055)	(2.157)
(14.941)	(12.023)	(29.019)	(25.588)	(53.199)	(45.952)
22.128	33.936	57.012	30.452	105.877	74.225
(8.222)	(24.954)	0	0	(29.588)	(31.605)
(10.810)	(26.495)	0	0	(28.507)	(48.511)
4.282	26.864	0	0	11.380	48.093
23.350	12.613	0	0	45.678	17.932
(62.221)	(35.186)	0	0	(98.667)	(50.848)
26.537	19.604	0	0	46.086	28.546
0	0	(57.012)	(30.452)	(57.012)	(30.452)
(27.084)	(27.554)	(57.012)	(30.452)	(110.629)	(66.845)
(4.956)	6.382	(0)	0	(4.753)	7.380
15	(3)	0	0	24	(5)
7.965	1.586	0	0	9.662	2.287
3.025	7.965	(0)	0	4.933	9.662

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Starfsemi

Gildi-lífeyrissjóður starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Gildi-lífeyrissjóður er með aðsetur að Guðrúnartúni 1 í Reykjavík og Hafnarstræti 9 á Ísafirði. Af hálfu launamanna eiga tíu stéttarfélag aðild að sjóðnum. Þau eru Bifreiðastjórafélagið Sleipnir, Efling-stéttarfélag, Félag járníðnaðarmanna á Ísafirði, Félag skipstjórnamanna, Sjómannafélag Íslands, Sjómannasamband Íslands, Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur, VM-Félag vélstjóra og málmæknimanna, Verkalýðsfélagið Hlíf og Verkalýðsfélag Vestfirðinga.

Af hálfu atvinnurekenda eiga Samtök atvinnulífsins aðild að Gildi.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins (FME) nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum.

Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er settur fram í þúsundum íslenskra króna, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill lífeyrissjóðsins.

Mat og ákvarðanir

Mat og ákvarðanir eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrif af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á fyrri tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Iðgjöld

Iðgjöld eru heildarfjárhæð iðgjalda og annarra framlaga, greiddra eða ógreiddra, sem hafa skapað réttindakröfu á lífeyrissjóðinn fyrir lok reikningsskilaárs.

Lífeyrir

Heildarfjárhæð lífeyris auk annarra greiðslna og kostnaðar sem tengjast lífeyrisgreiðslum sjóðsins. Lífeyrisgreiðslur skiptast í ellilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri. Aðrar greiðslur sem falla undir lífeyri eru framlag til starfsendurhæfingarsjóðs og beinn kostnaður vegna örorkulífeyris.

Hreinar fjárfestingartekjur

Undir þennan lið eru færðar allar fjárfestingartekjur sjóðsins að frádrögnum öllum fjárfestingargjöldum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður í Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris sem og áfallinn gengismunur á eignir í lok tímabils.

Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Undir hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og sölutap. Jafnframt óinnleystur gengismunur af hlutabréfum og sjóðum, bæði vegna breytinga á gangvirði bréfanna og gengi gjaldmiðla.

Hreinar tekjur af skuldabréfum

Hreinar tekjur af skuldabréfum fela í sér tekjur af fjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga, annarra en þeirra gjalda sem greint er frá í skýringu nr. 7 um fjárfestingargjöld.

Hér eru færðar vaxtatekjur, verðbætur og lántökuþóknanir af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði til hækkunar og lækkunar og hliðstæðar tekjur og gjöld.

